



**SKODUN** Björgvin Guðmundsson skrifar um mannréttindabrot á öldruðum. **24**



**MENNING** Risastór myndlistarverk málúð inni Höru. **36**



**LÍFIÐ** Raftónlistarmaðurinn Bjarki á lista hjá Rolling Stone. **58**



**SPORT** Íslenska unglingalandslíðið beið lægri hlut fyrir Sloveníu. **50**



MEST LESNA  
DAGBLAD Á ÍSLANDI\*

20. ágúst 2015  
194. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000



\*Samkvæmt frentimálakonum. Census Iceland 2010.

## FRÉTTIR



### 170 kílómetra hlaup

Hlauparinn Águst Kvaran mun hlaupa 170 kílómetra í kringum fjallið Mont Blanc til styrktar átakverkefninu Útmeða. Tengdasonur Ágústs hefur glímt við þunglyndi og sjálsvígshugsanir lengi. **2**



**Svigrúm til lækkaná** Hagfræðingur ASÍ fagnar áskorun IKEA til verslunar í landinu um að lækka vöruberð. Ytri skilyrði séu með besta móti. **4**

**Sveitarfélög fyrir dómstóla** Fjallabyggð og Akureyri eiga í leigudeilum vegna Menntaskólans á Tröllaskaga. **6**

**Óttast um víðernin** Landsnet vill háspennulínu yfir Sprengisand. Ferðapjónustan er uggandi. **18**



**2 SÉRBLÖÐ** Fyrirtækjaráðgjöf

Fólk



Einstök blanda úr 4 olíum

# Illugi segir fátt um svör

Lesskilningur og einkunnir í íslensku fara versnandi í þeim skórum þar sem Byrjendalæsi var innleitt Ráðherra segir nauðsynlegt að ástunda betri vinnubrögð.

**MENNTUN** „Það er gjarnan svo hér á landi að þegar maður spyr þessara spurninga: Hvernig var þessi ákvörðun tekin, að kenna svona eða hinsegir, þá verður fátt um svör,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra en greining á árangri nemenda í skórum sem hafa tekið þátt í lestrarkennsluáðferðinni Byrjendalæsi sýnir að lesskilningi hrakar og einkunnir í íslensku lækka. Um er að ræða 80 grunnskóla á landinu sem notað við kennsluáðferðina. Byrjendalæsi hefur verið þróað á vegum Miðstöðvar skólapróunar við Háskólan á Akureyri undir forystu Rósu Eggerts Þórss. Aðferðin var innleidd í forstu grunnskólaná árið 2004.

Byrjendalæsi virðist ekki hafa

„Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það séu fáar ákvardanir sem eru af drifarárkari fyrir íslenskt samfélag heldur en hvernig við kennum börnunum okkar að lesa og reikna.“  
*Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra*

verið nægjanlega rannsakað áður en aðferðin var innleidd. „Nú fórum við í það að kalla eftir því með

markvissum hætti hvernig slíkar ákvardanir eru teknar, að þær hafi verið raunþrófaðar og við höfum eitthvað í höndunum til að rökstýðja slíkar ákvardanir. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það séu fáar ákvardanir sem eru afdrifarárkari fyrir íslenskt samfélag heldur en hvernig við kennum börnunum okkar að lesa og reikna.“

Menntamálaráðuneytið hleypir af stokkunum átakinu Þjóðarsáttmóli um læsi á mánudaginn en markmið átaksins er að bregðast við áhyggjum af læsi barna.

- ósk / sjá síðu 10



**PAKÍD RIFNAÐI AF HÖRPU** „Rosalega er gott að geta talað íslensku aftur,“ sagði Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, á tónleikum sveitarinnar sem fram fóru í Eldborgarsal Hörpu í gær. Mikil stemning var í salnum og tóku gestir ítrekað vel undir og dönsuðu með fjölmörgum heimsfrægum lögum.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Manni grunuðum um að hafa smitað konur af HIV-veirunni sleppt úr haldi:

## Úrskurðaður í mánaðar farbann

**LÖGREGLUMÁL** Manni, sem grunaður er um að hafa smitað íslenskar konur vísvitandi af HIV-veirunni, var í gær sleppt úr gæsluvarðhaldi. Hann var úrskurðaður í fjögurra vikna varðhald þann 23. júlí og hefur verið í einangrun á Litla-Hrauni síðan. Þetta staðfestir Þuriður Sigurjónsdóttir, lögmaður mansins.

Á annan tug kvenna eru á lista yfir þá sem verið er að reyna að

hafa samband við vegna málsins og samkvæmt heimildum blaðsins er minnst ein kona smituð.

Maðurinn var úrskurðaður í farbann til 16. september. Lögreglan rannsakar mál mansins í samstarfi við söttvarnalekn. Rannsóknin snýr meðal annars að því að upplýsa hvort maðurinn hafi vitað að hann væri smitaður af veirunni og þannig vísvitandi smitað konur. „Minn skjól-

stæðingur hefur haldið fram sakleysi sínu frá fyrsta degi. Hann hafði ekki hugmynd um að hann væri sýktur af veirunni fyrr en hann fékk símtal frá lækni,“ segir Þuríður.

Þuríður mun kæra farbannsúrskurð yfir honum til Hæstaréttar í dag. „Maðurinn er búinn að vera í einangrun í fjórar vikur og það er komin ástæða fyrir lögregluna að ljúka rannsókn málsins.“

- óká / sjá síðu 4


Fréttablaðið tekur á sig nýja mynd á morgun



Allt fyrir skólann  
Opið til kl. 21

SMÁRALIND

## VEÐUR



Skil ganga vestur yfir landið með rigningu, sértaklega SA-lands og á norðanverðum Vestfjörðum. Stytir upp N- og NA-til eftir hádegi, en væta þar aftur í kvöld. Vindur verður af austri og norðaustri, hvassast með SA-ströndinni og á Vestfjörðum, 8-13 m/s. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast NA-lands.

**SJÁ SÍÐU 34**



**MALBIKUN** Áætlað er að verja 690 milljónum til malbiksframkvæmda í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐID/GVA

111 þúsund fermetrar af malbiki lagðir á götur borgarinnar:  
**Malbikunarvinna í fullum gangi**

**REYKJAVÍK** Malbik var lagt í Ártúnsbrekku í gær og voru þar starfsmenn Reykjavíkurborgar að verki. Malbikunarvinna sumarsins í Reykjavík hófst í byrjun maí, en borgin setti 150 milljónir aukalega í lagfæringar á götum í ár.

Reykjavíkurborg stefndi að lagningu 111 þúsund fermetra af malbiki á götur borgarinnar í sumar.

- ngy

Skipaði mats- og hæfisnefnd:

## Ný nefnd um læknasérnám

**HEILBRIGDISMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur skipað mats- og hæfisnefnd um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í læknisfraeði í samræmi við nýja reglugerð þess efnis. Petta kemur fram í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu.

Meðal helstu nýmæla er að gerð er krafra um að starfsnám sem stundað er her á landi til að hljóta almennt lækningaleyfi skuli byggjast á sérstökum marklýsingum þar sem nákvæmlega er kveðið á um uppbryggingu, innihald og marga aðra þætti námsins.

- ngy

Átta börn særast á dag:

## Rúm þúsund særst eða láttist

**JEMEN** Átta börn hafa látið lífið eða særst á degi hverjum frá því að átökin í Jemen hófust.

Petta kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, um ástandið í Jemen.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að tæplega fjögur hundruð börn hafi dáið og fleiri en 605 særst vegna ofbeldis og átaka í landinu sem hafa stigmagnast á undanförnum mánuðum.

Petta kemur fram í skýrslunni að Jemen sé einn hræðilegasti staður í heimi til að vera barn.

- ngy

VW Up! frá aðeins: **1.790.000 kr.**

VW Up! frá aðeins: **1.790.000 kr.**

# UP! MED ÖRYGGIÐ



VW Up! frá aðeins: **1.790.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Síldarvinnslan greiðir ekki arð vegna viðskiptabanns Rússa á íslenskar vörur:

## Ætla ekki að segja upp fólki

**SJÁVARÚTVEGUR** Fram kom á aðalfundi Síldarvinnslunnar í gær að ekki verður gripið til uppsagna starfsfólks vegna viðskiptabanns Rússlands á íslenskar vörur. Starfsfólk hefur verð gert ljóst að vinna getur dregist saman, og það ekki síst vegna tapaðra markaða með loðnuafurðir.

A fundinum kom fram að óvissa er um útstandandi kröfur á stóra viðskiptavini í Rússlandi vegna innflutningsbannsins, en um 40% af framleiðslu uppsjávar-

vinnslu fyrirtækisins hafa farið inn á Rússlandsmarkað.

Síðasta rekstrarár Síldarvinnslunnar var afbragðsgott. Hagnaður ársins nam 6 milljörðum króna. Samtals námu fjárfestingar félagsins 10 milljörðum króna.

Síldarvinnslan greiddi 3,1 milljarð til hins opinbera. Greiddur tekjuskattur á árinu var 1.200 milljónir króna en önnur opinber gjöld námu 1.000 milljónum. Veiðigjöld námu 900 milljónum á síðasta fiskveiðíári.

- shá



**Í NORÐFJARDARHÖFN** Rekstrarárið var með ágætum en blikur eru á lofti.

MYND/KSH

Strætó til eitt um nóttina:

## Frítt í strætó á Menningarnótt

**SAMGÖNGUR** Frítt verður í alla strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu á Menningarnótt, laugardaginn 22. ágúst. Sérstakar skutlur munu ganga milli bílastæða við Kirkju-sand og í miðbæinn og hvetur Strætó bs. gesti Menningarnætur að nýta sér þessa þjónustu.

Klukkan ellefu verður tekið upp sérstakt leiðakerfi sem miðar að því að koma fólk í miðbæ Reykjavíkur í sitt hverfi fljótt og örugglega. Síðustu ferðir úr miðbænum eru klukkan eitt um nóttina.

- ngy

# Hleypur 170 kíló-metra í einni lotu

Hlauparinn Águst Kvaran ætlar að hlaupa 170 kílómetra í kringum fjallið Mont Blanc í Ultra-Trail maraþoninu. Hann hleypur til styrktar átaksverkefninu Útmeða. Tengdasonur Ágústs hefur glímt við þunglyndi og sjálfsvígshugsanir frá tíu ára aldri.

**SAMFÉLAG** „Þessi málstaður er mér mjög hugleikinn því tengdasonur minn hefur lengi glímt við þunglyndi. Hann kom sem betur fer út með það, í orðsins fyllstu merkingu,“ segir hlauparinn Águst Kvaran en hann leggur af stað til Frakklands á morgun og ætlar að hlaupa í kringum fjallið Mont Blanc í Ultra-Trail eða UTMB-maraþoninu þann 28. ágúst næstkomandi. Hann mun hlaupa til styrktar Útmeða, átaksverkefni gegn sjálfsvígum ungra karlmannna sem er algengasta dánarorsök íslenskra karlmannna á aldrinum átján til tuttugu og fimm ára. Geðhjálp og Hjálparsími Rauða krossins standa saman að átakinu.

Ágúst vill vekja athygli á mál-efninu og safnar nú áheitum til þess að styrkja átakið. Tengdasonur Ágústs, Ásgeir Ólafsson, hefur glímt við þunglyndi og sjálfsvígshugsanir frá tíu ára aldri. Hann ihugaði oft sjálfsvíg þegar hann var ungur maður.

Pá fagnar Ágúst 63 ára afmæli sínu með þátttökunni. „Það eitt að hlaupa gerir maður fyrir sjálfan sig en ef maður getur gert það til að styrkja ákveðið mállefni þá gefur það bessu aukagildi. Mér líður svo vel með það,“ segir Águst.

Maraþonið er heldið einu sinni á ári og liggur leiðin í gegnum Frakkland, Ítalíu og Sviss. Hlaupin eru 170 kílómetrar í einni hlaupalotu og ætlar Ágúst að reyna að ljúka því á innan við fjörutu klukkustundum. Byrjað er að hlaupa frá porpinu Chamonix í Frakklandi og endar hlaupið á sama stað. „Petta eru rúmlega fjögur maraþon og maður



**STYÐUR GOTT MÁLEFNI** Ultra-Trail maraþonið er áliði eitt af erfiðustu maraþon-hlaupum í Evrópu.

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

hleypur þetta í einum rykk. Það eru reyndar drykkjastöðvar,“ segir Ágúst og bætir við að dóttir hans og tengdasonur verði viðstödd og muni koma til með að hvetja hann og aðstoða á drykkjastöðvunum.

Hlaupið er áliði eitt af erfiðustu maraþonum í Evrópu og er talað um að samanlöggð hækku sé tíu þúsund metrar. „Petta er aðeins óðruvísi en Reykjavíkurmaraþonið, það er nánast flatt hlaup,“ segir hann.

Ágúst var valinn úr stórum hópi umsækjenda til að taka þátt í hlaupinu. Sækja þarf um þátttökum og þarf umsækjandi að uppfylla ströng skilyrði. „Maður þarf að hafa að minnsta kosti átta punkta, en maður fær punkta fyrir lengri hlaup eins og þetta. Þeir hljóp bæði í fyrra og hitti fyrra 164 kílómetra hlaup í Grikklandi og uppfylli því það skilyrði. Þá komst ég í lukkupott og var svo heppinn að vera dreginn út í fyrstu atrennu,“ segir Ágúst.

nadine@frettabladid.is

„**Það eitt að hlaupa gerir maður fyrir sjálfan sig en ef maður getur gert það til að styrkja ákveðið mállefni þá gefur það þessu aukagildi.**

Ágúst Kvaran, hlaupari

2.300 manns taka þátt í UTMB-hlaupinu og að sögn Ágústs taka fleiri Íslendingar þátt í því.

Ágúst hefur æft stift frá áramótum. Hann fór til að mynda ellifu ferðir á Esjuna í Esjuhláupinu fyrr á árinu. „Ég er svo búinn að fara eitt maraþon og hleyp sjálfur mikil ótanvegar,“ segir Ágúst sem kveðst mjög spenntur fyrir hlaupinu. „Maður verður kannski stressaður síðustu dagana en ég er aðallega bara mjög spenntur að prófa þetta.“

Alexis Tsipras skoðar þann möguleika að boða til kosninga í næsta mánuði: **Kosningar líklegar í Grikklandi**

**GRIKKLAND** Alexis Tsipras og ríkisstjórn hans ihuga nú hvort skynsamlegasta leiðin fyrir stjórn ríkisins sé að boða til kosninga fljóttlega.

Fjármálaráðherrar evruríkja samþykktu í gær þá ákvörðun að veita Grikkjum neyðarlán svo þeir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Alexis Tsipras, hefur því tryggt sér þrója hluta neyðarláns með því að lofa miklum umbótum og aðhaldaðgerðum í ríkisrekstrinum í Grikklandi.

Fjölmargir þingmenn Syriza-flokksins eru hins vegar ósáttir við ákvárdanir ríkisstjórnar Tsipras og telja aðhaldaðgerðirnar of erfiðar og kröfur lánar-drottina of íþyngjandi. Grikkir fá til að byrja með 23 milljarða



evra lán. Það mun duga til að greiða 3,4 milljarða til evrópska seðlabankans. 10 milljarðar

verða nýttir til endurfjármögnumunar grískra banka.

- sa

**ALEXIS TSIPRAS** Fjölmargir þingmenn Syriza-flokksins eru ósáttir við ákvárdanir ríkisstjórnar Tsipras.

FRÉTTABLAÐID/EPA

UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ

# SKÓLA DAGAR

ALLT FYRIR SKÓLANN  
Á EINUM STAÐ

OPIÐ TIL **21** í KVÖLD

MUNDU EFTIR  
ÁVÍSUNINNI



## SPURNING DAGSINS



Hrönn, ertu fylgjandi kvóta-kerfinu?

„Ég vil allavega ræða það því við vitum að konur eru auðlind.“

Er kynjakvóti málid? er yfirkrift málings sem RIFF heldur í dag í Tjarnarþóri þar sem menntamálaráðherra verður með í pallborðsumræðum. Hrönn Marinós Ódóttir er frammálastjóri Alþjóðlegar kvíkmyndaháfðar í Reykjavík, RIFF.



ICELANDAIR Flugið verður fjórum sinnum í viku til Montreal.

Bæta við nýjum áfangastað: Hefja áætlunarflug til Montreal

**SAMGÖNGUR** Icelandair hefur ákveðið að hefja áætlunarflug til Montreal í Kanada í maí á næsta ári og er sala farseðla þegar hafin. Montreal verður sextandi áfangastaðurinn í Norður-Ameríku sem Icelandair býður upp að í leiðakerfi sínu. Flugið verður fjórum sinnum í viku fram í nóvember, á mánuðögum, þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Pá segir í tilkynningunni að flug félagsins til kanadískra borga hafi aukist jafnt og þétt frá því loftferðasamningur milli Íslands og Kanada var undirritaður 2007. Fram að því hafdi Icelandair haft heimild til flugs til Halifax frá 1998, en síðan hafa áfangastaðirnir Toronto, Edmonton og Vancouver bæst við.

Montreal er næststærsta borg Kanada. Þar eru íbúar um fjórar milljónir. Borgin er miðstöð viðskipta, menningar og lista fyrir frönskumælandi Kanadamenn, og þykir yfirbragð hennar vera evrópskt í samanburði við aðrar borgir í Norður-Ameríku.

- ngy



Neytendastofa mun ákveða um hvort tvö smálánafyrirtæki hafi brugðist við með fullnægjandi hætti:

## Dagsektir á smálánafyrirtæki standa

**NEYTENDAMÁL** Áfrýjunarfnd neytendamála félst á kröfu smálánafyrirtækjanna Kredia ehf. og Smálána ehf. um að vísa máli þeirra gegn Neytendastofu frá nefndinni. Smálánafyrirtækin kærðu þá ákvörðun Neytendastofu að leggja dagsektir á félögum þar til farið yrði að kröfum um útreikning á árlegri kostnaðartölum smálána hjá fyrirtækjunum.


Vær kveðið á um að kærendur skyldu innan fjórtán daga fara að ákvörðun Neytendastofu en að öðrum kosti skyldu þeir, hvor um sig, greiða dagsektir að fjárhæð 250 þúsund krónur á dag þar til farið yrði að ákvörðun-

inni. Skilmálar þeirra og upplýsingar til viðskiptavina væru ekki í takt við íslensk lög.

Meðan málid var rekið fyrir nefndinni breyttu fyrirtækin skilmálum sínum til að koma til móts við íslensk lög og standast kröfur Neytendastofu. Áfrýjunarfndin ákvað því að láta málið niður falla en taldi samt sem áður að dagsektir Neytendastofu stæðu óhaggaðar. Að mati nefndarinnar er það Neytendastofu að taka afstöðu um það hvort smálánafyrirtækin hafi brugðist á fullnægjandi hátt við ákvörðun stofnunarinnar. -sa

**SMÁLÁN** Tvö smálánafyrirtæki kærðu ákvörðun Neytendastofu um dagsektir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Svigrúm ætti að vera til lækkana

Hagfræðingur ASÍ fagnar áskorun framkvæmdastjóra IKEA til verslunar í landinu um að lækka hjá sér vörverð. Ytri skilyrði verslunarinnar séu með allra besta móti. Aðrir segja brugðist við aðstæðum frá degi til dags.

**EFNAHAGSMÁL** „Við tökum bara undir það sem framkvæmdastjóri IKEA er að segja,“ segir Ólafur Darri Andrasón, deildarstjóri hagdeilda Alþýðusambandsins (ASÍ).

Pórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, upplýsti í viðtali við Morgunblaðið í gær, að fyrirtækið hygðist lækka vörverð hjá sér um 2,8 prósent að meðaltali þegar félagið kynnir í næstu viku nýjan vörur- og verðlista. Í fyrra lækkadi IKEA vörverð um fimm prósent. Hann hvetur önnur fyrirtæki til að fylgja fordæmi IKEA og vinna þannig á móti mögulegri verðbólguþróun. Aðstæður nú gefi rými til verðlækkana, enda hafi gengi krónu styrkst gegn evru, kjarasamningar hafi verið fyrirtækjum hagfelldar en búist hafði verið við og velta sé meiri vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu.

Ólafur Darri segir rétt að ytri skilyrði verslunarinnar séu með allra besta móti. „Krónan hefur verið að styrkja og þá sérstaklega gagnvart evru, og á sama tíma er verðbólga sáralítill í nágrennalöndum okkar, pannig að innflutningsverslunin er ekki að flytja inn verðbólgu frá öðrum löndum.“

Um leið segir Ólafur Darri að hér hafi almennt verið lítill verðbólga, en með styrkingu krónu ættu að skapast tækifæri til að lækka mögulega verð. Í mælingum ASÍ hafi ekki sést miklar hækkanir, en þær sýni svigrúm til lækkana.

„Gengisþróun hefur samt verið nokkuð misjöfn,“ bendir Ólafur Darri um leið á, því þótt krónan hafi styrkst gagnvart helstu viðskiptamyntum, bá hafi hún veikst gagnvart dollaranum.

Finnur Árnason, forstjóri



**IKEA LÆKKAR VERÐ** Forstjóri IKEA á Íslandi hvatti í gær önnur fyrirtæki til að lækka verð hjá sér líkt og IKEA. Forstjórar Haga og Byko taka undir að aðstæður í efnahagslífinu séu um margt hagfeldrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR GUDJÓNSSON

Haga, tekur undir að aðstæður í efnahagslífinu séu um margt hagfelddar, en fyrirtækið bregðist við þróun sem slíkri dag frá degi og hún endurspeglist í verðlagningu. „Við verðleggjum ekki einu sinni á ári eins og þeir.“ Finnur bendir jafnframt að Hagar birti sínar tölur opinberlega, en félagið er skráð í Kauphöll Íslands. „Fyrstu fimm mánuðir ársins eru ljósir og þar er okkar álagning að lækka.“

Pá segir Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri Byko, fyrirtækið ekki hafa tekið afstöðu til mögulegra frekari verðlagsbreytinga. „Við erum hins vegar í talsvert öðru umhverfi en

IKEA,“ segir hann og bendir á að stóri hluti innkaupa verslunarinnar eigi sér stað í dollurum. „Og dollarið hefur hækkað að um tæp fimm prósent frá áramótum.“ Fyrirtækið hafi bó ekki hreyft við verðum í annað ár þótt það hafi tekið á sig hækkanir hjá birgjum erlendis. Tölur fyrirtækisins sýni að unnið hafi verið að sömu álagningu allt þetta ár. „Sem sýnir að verðlækkunin er að skila sér í gegnum tilboðs-

ekki hreyft við verðum í annað ár þótt það hafi tekið á sig hækkanir hjá birgjum erlendis. Tölur fyrirtækisins sýni að unnið hafi verið að sömu álagningu allt þetta ár. „Sem sýnir að verðlækkunin er að skila sér í gegnum tilboðs-

99 Fyrstu fimm mánuðir ársins eru ljósir og þar er okkar álagning að lækka.

Finnur Árnason, forstjóri Haga.

kerfin hjá okkur og svo auðvitað í gegnum breytingar á vörugjöldum og virðisaukaskattum um áramótin.“

olikr@frettabladid.is

Kennslanefnd hefur gefið út að líkið sé af ungum karlmanni:

## Líkfundur í Laxárdal í Nesjum

### HINN LÁTNI FANNST FYRIR AUSTAN



**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Suðurlandi barst í fyrradag tilkynning um líkfund í Laxárdal í Nesjum. Tilkynningin barst á lögreglustöðina á Höfn í Hornafirði. Lögreglumenn á Höfn fóru þegar á vettvang. Landhelgisgæslan lagði til þyrlu til að flytja rannsóknarlögreglumann frá rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurlandi, lögreglumenn úr kennslanefnd ríkislögreglustjóra, rannsóknarlögreglumann frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og réttarlækni á staðinn.

EKKI hafa verið borin kennsl á líkið. Kennslanefnd hefur gefið út að líkið sé af ungum karlmanni, um það bil 186 sentimetrar á hæð, með ljóst axlasítt hárr, klætt í svarta strigaskó með hvítri stjörnu á hlið, dökkbláar ípróttar-

buxur og hettupeysu með áletruninni „QUICKSILVER“ að framan.

Lögreglan segir að ætla megi að maðurinn hafi látt fyrir ein-

hverjum mánuðum. Málið er í rannsókn og ekkert hægt að segja til um á þessu stigi með hvaða hætti andlát mannsins bar að. -bo



TM & © 2013 LazyTown Entertainment. A Time Warner company. All rights reserved.



Reykjavíkurmarathon  
Íslandsbanka 22. ágúst

## Skráningaráhátíð Latabæjarhlaupsins í dag og á morgun

Hittumst á skráningaráhátíðinni í Laugardalshöll

Latabæjarhlaupið, 22. ágúst, er ætlað börnum 8 ára og yngri. Í dag og á morgun er skráningaráhátíð í Laugardalshöll kl. 14-19 þar sem hægt er að skrá börn til þátttöku og sækja um leið boli og hlaupagögn.

Allar nánari upplýsingar eru á [marathon.is](http://marathon.is)

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða íslenski ráðamaður ræddi við sendiherra Rússia um viðskiptabann á Ísland? 2. Við hvaða grunnskóla í Reykjavík á að byggja nýja 1.340 fermetra almu? 3. Hvað búast Þjóðverjar við mörgum flóttamönnum á þessu ári?

SVÖR

1. Ólafur Ragnheiður Grímsson 2. Vesturbæjar-skóla 3. 750 þúsund.

Nova og Vodafone hagræða:  
Farsímakerfi  
rekin saman

**FJARSKIPTI** Vodafone og Nova hyggjast stofna félög um samrekstur farsímakerfa félaganna fyrir 1. október næstkomandi. Samreksturinn mun felast í gagnkvæmum aðgangi að farsímadreifikerfum félaganna, samkvæmt tilkynningu frá Fjarskiptum, móðurfélagi Vodafone.

Markmiðið er hagræðing í rekstri en fyrirtækið telur að hægt verði að fækka sameiginlegum hýsingarstöðum farsímasendur úr 770 í 550, sem mun leiða samanlagt til um 200 milljóna króna rekstrarsparnaðar. Sparnaðurinn ætti að skila sér að fullu inn í rekstur félaganna á um premur árum.

- ih



**UNDIRRITUN** Ferðapjónusta verður í Ólafsdal.

MYND/FJÁRMÁLARÁDUNEYTIÐ

Samkomulag undirritað:

**Samkomulag  
um endurreisn**

**SAMFÉLAG** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, undirritaði í gær, fyrir hönd ríkisssjóðs, samkomulag við Minjavérnd um viðtökum lands og eigna í Ólafsdal í Gilsfirði, en þar stofnaði Torfi Bjarnason fyrsta íslenska búnaðarskólan árið 1880.

Markmiðið með samkomulaginu er að vinna að endurreisn bygginga og menningarlandslags á staðnum þar sem meðal annars er áfomað að reka menningartengda ferðapjónustu.

Í samkomulagi ríkissjóðs við Minjavérnd felst að félagið endurreisir byggingar og hefur umsjón með menningarlandslagi á svæðinu, en ríkissjóður afsalar í þessu skyni 57,5 hektara landspíldu til félagsins.

- ngy

Sandgerðisbær fyrstur:

**Hefja rafræna  
skjalavörslu**

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðskjalasafn Íslands hefur veitt Sandgerðisbæheimild til að hefja rafræna skjalavörslu og skila gögnum á rafrænu formi til safnsins til langtíma varðveislu. Sandgerðisbær er fyrsta sveitarfélagið hér-lendis sem fær slíka heimild. Um er að ræða heimild til að afhenda gögn á rafrænu formi úr skjalavörslukerfi bæjarins. Sandgerðisbær mun því hætta að prenta út gögn úr kerfinu til varðveislu og varðveita gögnin eingöngu á rafrænu formi. Undanfarna mánuði hafa starfsmenn Sandgerðisbæjar og Þjóðskjalasafns unnið að málínu í góðu samstarfi. Fyrsta afhending á rafrænum gögnum Sandgerðisbæjar verður árið 2017.

- ngy

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála stendur í ströngu:

# Yfir hundrað mál bíða afgreiðslu

**STJÓRNSÝSLA** 155 mál bíða afgreiðslu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og hafa 66 ný mál komið inn á þessu ári. Nanna Magnadóttir, formaður og forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar, segir nefndina vinna hördum höndum að því að vinna málahallann niður.

„Þetta er eitthvað sem við höfum þurft að kljást við í nokkur ár,“ segir Nanna. „Forveri þessarar nefndar var úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Sú



NANNA MAGNADÓTTIR

nefnd sem ég er í forsvari fyrir tók við öllum þeim málum en fjárveitingar hækkuð ekki til okkar. Því höfum við verið að vinna upp nokkurn halá frá þeirri nefnd síðustu misseri. Við tókum við 125 óafgreiddum málum frá þeirri nefnd þegar hún hætti störfum.“

Nanna segir nýjum málum einnig hafa fylgdað hjá nefndinni síðustu ár sem hefur aukið á vandann.

„Við fengum fjárveitingu fyrir premur aukastarfsmönnum inn í nefndina fyrir þetta ár og höfum óskað eftir aukastarfsmanni fyrir næsta fjárlagaár. Við höfum lokið 117 málum á þessu ári á meðan 66 mál hafa komið inn svo það horfir samt til betri vegar hjá okkur,“ segir Nanna.

- sa

Styðja Sýrlendinga:

## Styrktarfé til flóttamanna

**SAMFÉLAG** Í ár rennur styrktarfé Reykjavíkurmaráþönsins til Rauða kross Íslands óskipt til sýrlenskra flóttamanna. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu.

Borgarastríðið í Sýrlandi hefur staðið í fjögur ár og fimm mánuði og hafa 200 þúsund manns fallið og tíu milljónir Sýrlendinga þurft að yfirgefa heimili sín. Í tilkynningunni segir að þörfin sé mikil og það er mikilvægt að þessi hópur berskjálðaðra gleymist ekki.

- ngy

Nova og Vodafone hagræða:

Farsímakerfi  
rekin saman

Fjallabyggð og Akureyrarkaupstaður eiga í deilum vegna leigukostnaðar við Menntaskólann á Tröllaskaga. Telur Fjallabyggð að Akureyri sé skyld að taka þátt í kostnaði líkt og öðrum sveitarfélögum á svæðinu. „Við höfum reynt að tala við þessa menn,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, sem segir málið fara fyrir dómstóla á næstunni.

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjaryfirvöld í Fjallabyggð hafa krafist þess að Akureyrarkaupstaður greiði leigu vegna Menntaskólans á Tröllaskaga upp á tæpar tuttugu milljónir króna. Telur Fjallabyggð að Akureyrarbær sé skuldbundið inn líkt og önnur sveitarfélög á svæðinu til að taka þátt í leigukostnaði við skólann. Akureyrarbær hefur hafnað málatilbúnaði Fjallabyggðar og líklegt þykir að málið rati til dómstóla á næstu misserum.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, ritaði Akureyrarbær bréf fyrir skómmu þar sem hann fer þess að leit að Akureyrarbær geri upp skuldir sínar. „Þetta er með hreinum ólíkindum,“ segir Gunnar. „Menntaskólinnar á svæðinu hafa verið þannig að ríkið hefur greitt 60 prósent, heimasveitarfélagið 20 prósent og restin er greidd að jöfnu af öllum sveitarfélögum að heimasveitarfélagini meðtoldu. Við höfum greitt fyrir Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann sem dæmi. Öll sveitarfélög hafa greitt þessa leigu nema Akureyri.“

Akureyrarkaupstaður svaraði bréfinu í gær og kom þar fram að bærinn teldi sig ekki skuldbundið til þess að taka þátt í greiðslu leigu vegna skólns. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar, vonar að lausn finnist á málínun áður en það fari til dómstóla. „Auðvitað er það akkur fyrir sveitarfélögum á svæðinu að hafa samskipti sín á milli sem farsælust. Heppilegt hefði verið ef við hefðum fengið að skýra



**MENNTASKÓLINN Á TRÖLLASKAGA** Skólinn hóf störf árið 2009 og hafa deilur verið um leigukostnað. Öll sveitarfélög á Eyjafjörðarsvæðinu hafa tekið þátt í leigukostnaði að Akureyri undanskilinni.

GUÐMUNDUR B.  
GUÐMUNDSSON  
formaður bæjar-  
ráðs AkureyrarGUNNAR I.  
BIRGISSON  
bæjarstjóri í  
Fjallabyggð

okkar sjónarmið fyrir bæjaryfirvöldum í Fjallabyggð og leita lausna. Ef hins vegar næst engin niðurstaða í málío þá mun það enda fyrir dómstólam. Það örlar parna á nýjum tón með nýjum bæjarstjóra í Fjallabyggð,“ segir Guðmundur Baldvin.

Gunnar segir málið eiga sér langan aðdraganda og deilan spanni nú næstum sex ár. „Það er búið að senda þessum mönn-

um reikninga frá upphafi og við höfum reynt að tala lengi við þá, bæði númerandi og fyrrverandi bæjarstjórnir. Þetta var úrslit tilraun og höfum við ekki önnur úrræði en að leita til dómstóla,“ segir Gunnar.

Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur sitt sjötta starfsár í vetr og eru um 230 nemendur við skólan ann petta námsárið.

sveinn@frettabladid.is

Illvígur deilur hafa staðið milli ABC barnahálpars á Íslandi og samtakanna í Kenía síðustu mánuði:

# Formaður ABC á Íslandi lætur af störfum

**SAMFÉLAG** Guðrún Margrét Pálsdóttir hefur látið af störfum fyrir ABC barnahálp á Íslandi og sagt af sér sem formaður ABC á Íslandi. Guðrún Margrét tilkynnti starfsfólk ABC um ákvörðun sínna eftir stjórnarfund ABC síðastliðið briðjudagskvöld. Páll Elfar Pálsisson varastjórnarmaður var valinn nýr stjórnarmaður ABC barnahálpars á Íslandi.

Guðrún Margrét er einn stofnandi ABC barnahálpars sem stofnade var fyrir 27 árum. Hún hefur starfað fyrir samtökin öll árin.

„Með afsögn minni vil ég axla ábyrgð að þeirri stöðu sem upp kom í starfi samtakanna í Kenía og vænti ég þess að ákvörðun mín stuðli að því að varðveita trúverðugleika starfsins,“ segir Guðrún Margrét og á við deilur sem hafa staðið síðustu mánuði milli ABC barnahálpars á Íslandi og formanns samtakanna í Kenía, Pórunnar Helgadóttur.

Pórunni var sagt upp störf-

um sem formanni samtakanna í Kenía en var föst á því að staða hennar í Kenía væri óbreytt, enda um tvö aðskilin félög að ræða. ABC á Íslandi hélt því fram að félagið ætti ABC í Kenía. Þá sakði Pórunn ABC á Íslandi um mítur í Kenía og ólögmæta yfir töku á starfsemi skólns þar í landi. ABC á Íslandi sakaði Pórunni um að reyna að sölsa undir sig starfsemi samtakanna þar í landi.

„Í dag standa málín í Kenía þannig að í gangi er opinber athugun í Kenía á fjármálahlið starfsemi ABC þar undanfarin ár,“ segir Guðrún Margrét. Opinber eftirlitsstofnun með starfi hjálparsamtaka og sjálfseignarstofnana í landinu, NGO's co-ordination board, rannsakar nokkra þætti í starfsemi ABC í Kenía undanfarin ár. Að sögn Guðrúnar má vænta niðurstöðu í málío á næstunni.

„Þetta er í raun ástæðan fyrir því að ég sagði upp. Ég hef verið í



stjórn allan pennan tíma og hefði átt að vera búin að opna augun miklu fyrir. Ég sé eftir því að hafa treyst Pórunni allan pennan tíma,“ segir Guðrún Margrét og bætir við að það sé og hafi alltaf verið samhugur hjá stjórn ABC á Íslandi um málío.

„Ég mun fylgjast með þessu málí til enda en er að öðru leyti

**HÆTT STÖRFUM**  
„Ég mun fylgjast með þessu málí til enda en er að öðru leyti bún að stíga til hliðar,“ segir Guðrún Margrét Pálsdóttir, fyrrverandi formaður ABC barnahálpars á Íslandi.

bún að stíga til hliðar,“ segir hún. Að sögn Guðrúnar Margrétar hafa deilurnar haft slæm áhrif. „Fyrst og fremst hefur þetta verið baga-legt fyrir börnin og svo hefur þetta kostað okkur það að stuðningsaðilar hafa sagt upp sem er slæmt mál. Við trúum því þó að þetta sé að mjakast í rétta átt.“

- ngy

# Dior

## NÝR DIORSHOW MASKARI

FORMÚLA SEM GEFUR ALVÖRU PYKKINGU OG LENGINU.

Nýjung: Formúlan inniheldur örtrefjar sem auka umfang augnhára AIR-LOCK™  
læsingu sem kemur í veg fyrir að formúlan þorni.

Nýjung: DIORSHOW PRO LINER, hybrid augnblýantur sem gefur skarpa línu.

ÚTLITIÐ SEM FYRIRSÆTURNAR VILJA.

#diorshowbackstage



Dior DAGAR Í HAGKAUP 20.-26. ágúst

20% afsláttur af nýja Diorshow maskaranum. Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ, Skeifunni og Holtagörðum og veita faglega ráðgjöf varðandi förðun og húðumhirðu. Kynnum einnig nýju haustlitina. Falleg gjöf\* fylgir þegar keyptir eru 2 hlutir frá Dior.

\*Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
skemmtilegast að versla

Frá kr. 66.900



SÉRTILBOD  
2 FYRIR 1  
STÖKKTU

## Bókaðu sól

### SALOU – Stökktu

Frábært verð  
Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr.  
89.900 m.v. 2-4 í íb/herb/st.

21. ágúst í 7 nætur.



### TENERIFE – Tenerife Sur

Frábært verð  
Frá kr. 66.900

Netverð á mann frá kr.  
66.900 m.v. 2+2 í íbúð.

Netverð á mann frá kr.  
79.900 m.v. 2 í stúdió.

22. ágúst í 7 nætur.



### KRÍT – Stökktu

Frábært verð  
Frá kr. 114.900  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr.  
114.900 m.v. 2-4 í íb/  
herb/st.

24. ágúst í 10 nætur.



### ALMERÍA – Bahia Serena

Frábært verð  
Frá kr. 81.900

Netverð á mann frá kr.  
81.900 m.v. 2+2 í íbúð.

Netverð á mann frá kr.  
109.900 m.v. 2 í íbúð.

25. ágúst í 7 nætur.



### COSTA DEL SOL – Aguamarina

Frábært verð  
Frá kr. 89.900

Netverð á mann frá kr.  
89.900 m.v. 2-4 í íb/herb/st.

27. ágúst í 11 nætur.



BORGARRÚSTIR Talið er að Salómon konungur hafi stofnað borgina Palmyra. Þar er meðal annars að finna rústir og listmuni frá tímum Grikkja og Rómverja. Unnið hefur verið að því að eyðileggja þessar rústir frá því í vor.

FRÉTTABLAÐID/EPA

# Fornminjar eyðilagðar í guðs nafni

Vígasveitir Íslamska ríkisins hafa staert sig af því að eyðileggja merkar fornminjar, meðal annars í hinni fornu borg Palmyra í Sýrlandi. Nú hafa þær tekið af lífi fyrrverandi fornminjavörð borgarinnar, 82 ára gamlan.

**SÝRLAND** Fljótlega eftir að vígasveitir Íslamska ríkisins náðu sýrlensku borginni Palmyra á sitt vald, um miðjan maí síðastiðin, hófust þær handa við að eyðileggja fornminjar borgarinnar, gamlar rústir frá tímum Grikkja og Rómverja, styttr og lágmyndir sem bera vitni um merka sögu borgarinnar.

Reyndar er ekki vitað hve mikil af fornminjunum liðsmenn Íslamska ríkisins hafa eyðilagt, en að minnsta kosti hafa þeir eyðilagt fornar styttr sem bykja ómetanlegar, rétt eins og allir aðrir munir þarna.

Eyðileggingarstarfsemi af pessu tagi hefur fylgt öfgahreyfingum strangtrúarmúslima. Þannig eyðilögðu talibananar í Afganistan frægar Búddastyttur í Bahmiyan í byrjun aldarinnar og árið 2012 eyðilögðu samtök Ansar Dine forn grafhýsi og minningarhof í borginni Timbuktu í Malí.

Pessi eyðileggingarþörf hefur verið höfð til marks um villimennsku þessara manna, en sjálfir stæra þeir sig af verkum sínum: „Múslimar ættu að vera stoltir af því að brjóta skurðgoð,“ sagði leiðtogi talibana árið 2001.

## FÓRNAÐI LÍFI SÍNU FYRIR FORNMINJAR

Khaled al Asaad neitaði að flýja borgina Palmyra í Sýrlandi þegar vígasveitir Íslamska ríkisins hertóku hana fyrr á arinu. Hann var tekinn af lífi þar á briðjudaginn, orðinn 82 ára gamall.

Asaad hafði varið drjúgum hluta starfsævi sinnar við fornminjavörslu í borginni. Hann hafði yfirumsjón með fornminjasafni borgarinnar í fjóra áratugi, en létt af störfum árið 2003. Hann hélt þó áfram að sinna verkefnum fyrir borgina sem sérfraðingur í máléfnum fornminjanna frægu.

Liðsmenn Íslamska ríkisins náðu borginni á sitt vald í maí og þá gafst honum tækifæri til þess að forða sér. Hann ákvað að vera kyrr, þótt fyrirfram væri vitað að líf hans yrði í hættu.

Á briðjudaginn var hann hálsþoggvinn á torginu fyrir utan minjasafnið, rétt við rústirnar frægu. Sýrlenska ríkisfréttastofan Sana skýrði frá þessu og sýrlensk mannréttindasamtök, með höfuðstöðvar í Bretlandi, staðfestu það.

Sagt er að líf hans hafi síðan verið hengt upp á eina af grísk-rómversku súlunum, sem borgin er þekkt fyrir.

Hin „hreina trú“ þeirra rúmar ekki myndir af neinu sem hægt væri að dýrka til tilbiðja. Það eitt að gera mynd af einhverju, fólk, dýrum eða hlutum, er í augum beirra ekkert annað en form af tilbeïðslu. Allar myndir og styttr eru álitin vera skurðgoð, og þar með ekki bara einskis virði heldur beinlínis haettuleg trúarlegri heilsu fólks.

I Biblú kristinna manna er reyndar ekki heldur farið fögrum orðum um skurðgoð: „Svo

langt sem byggð yðar nær, skulu borgirnar í eyði liggja og fórnarhæðirnar standa gjöreyddar, til þess að ölturu yðar séu niður brotin og í rústum, skurðgoð yðar sundurbrotin og að engu gjörð, sólsúlur yðar mölvaðar og handaverk yðar afmáð,“ er haft eftir Drottini sjálfum í Esekíelbók Gamla testamentins: „Og menn skulu veginn í val yðar á meðal, til þess að þér viðurkennið, að ég er Drottinn.“

gudsteinn@frettabladid.is



AUDUG FJÖLSKYLDA Pessi forna höggmynd var á meðal þeirra sem geymdar voru í fornminjasafninu í Palmyra.

NORDICPHOTOS/AFP



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
Akureyri • Sími 461 1099  
www.heimsferdir.is

Heimsferðir



# Ávöxtun sjóða Stefnis

## Sjóður

### Blandaðir sjóðir

Stefnir – Samval<sup>1</sup>

Stefnir – Eignastýringarsjóður<sup>1</sup>

### Íslensk hlutabréf

Stefnir – ÍS 15<sup>1</sup>

### Íslensk skuldabréf og innlán

Stefnir – Ríkisvíxljasjóður<sup>2</sup>

Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður<sup>2</sup>

Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður stuttur<sup>2</sup>

Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur<sup>2</sup>

Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur<sup>2</sup>

Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð<sup>2</sup>

Stefnir – Skuldabréf stutt<sup>1</sup>

Stefnir – Lausafjársjóður<sup>1</sup>

### Erlend hlutabréf \*\*

KF – Global Value<sup>2</sup>

KMS – Global Equity<sup>2</sup>

KMS BRIC<sup>2</sup>

Stefnir – Scandinavian Fund<sup>2</sup>

Stefnir – Erlend hlutabréf<sup>2</sup>

Árleg nafnávöxtun					Árleg nafnávöxtun frá stofnun*
1 ár*	2 ár*	3 ár*	4 ár*	5 ár*	
22,9%	18,8%	17,0%	16,8%	15,6%	
14,3%	9,1%	9,5%	10,2%	9,4%	
30,9%	23,4%	23,8%	21,3%	20,6%	
3,6%	3,4%	3,3%	3,1%	3,2%	
5,9%	2,9%	5,1%	6,1%	5,1%	
3,5%	1,8%	2,7%	3,6%	3,6% (Stofnaður 20.01.2011)	
7,5%	3,5%	4,0%	5,6%	5,8%	
9,5%	4,3%	4,1%	6,2%	6,6%	
8,2%	3,4%	3,5%	5,7%	6,4%	
4,4%	3,1%	3,9%	4,7%	5,3%	
5,1%	5,4%	5,4%		5,3% (Stofnaður 27.04.2012)	
14,1%	15,3%	14,8%	9,8%	12,4%	
16,9%	12,5%	13,8%	10,0%	10,8%	
9,9%	5,8%	2,6%	-3,1%	-1,6%	
5,5%	11,7%	12,9%	7,0%	10,4%	
12,9%	11,9%	11,9%	9,0%	9,9%	

\*\* Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tímum. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafa Sölabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

\* 1 ár: 30.06.2014 – 30.06.2015. 2 ár: 30.06.2013 – 30.06.2015. 3 ár: 30.06.2012 – 30.06.2015.

4 ár: 30.06.2011 – 30.06.2015. 5 ár: 30.06.2010 – 30.06.2015.

Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálaufyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefni er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 413 milljarða króna í virkri stýringu. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbindingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýslubóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf. sem er vörlufyrirtæki sjóðanna og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

## Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólk Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á [arionbanki.is/sjodir](http://arionbanki.is/sjodir)

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskirteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóður hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbindingu um framtíðarávöxtun peirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ. a.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskirteinum þeirra, má finna í útböðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á [www.arionbanki.is/sjodir](http://www.arionbanki.is/sjodir)

# Lesskilningi barna hrakar beinlínis

Ný kennsluaðferð sem innleidd var í fyrstu grunnskólana 2004 gefst illa. Um helming allra grunnskóla á landinu er að ræða. Aðferðin virðist ekki hafa verið nágilega rannsokuð áður en hún var innleidd. Ráðherra segir mikilvægt að vaða ekki áfram án þess að meta hlutina.

**MENNTUN** Ný nálgun að lestrarkennslu sem innleidd hefur verið í um helming af grunnskólum landsins og nefnist Byrjendalæsi hefur orðið til þess að lesskilningi og einkunnunum á íslensku á grunnskólastigi beinlínis hrakar. Hún virðist ekki hafa verið nægjanlega rannsokuð áður en hún var innleidd. „Það eru tölfraðilegar vísbindingar í þá átt að þessi aðferð sé ekki að skila ásættanlegum árangri,“ segir Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra. Áhyggjur af læsi íslenskra barna eru ekki nýjar

af nálinni. Íslendingar skora lægst allra Norðurlanda í PISA-könnunum, þó að hér á landi sé mestum fjármunum varið á hvern nemanda.

Undanfarið hefur farið fram greining á árangri nemenda í skólum sem tekið hafa þátt í Byrjendalæsi, samvirki kennsluaðferðar þar sem lestar, ritun, hlustun, tal og sjónræn viðfangsefni eru tengd saman við lestrarkefnslu. Aðferðin var þróuð innan Háskóla Íslands á Akureyri og innleidd í fyrstu skólana haustið 2004. Um er að ræða greinilega minnkun á árangri

samanborið við aðra skóla í landinu almennt. Aðferðin hefur sætt talsverðri gagnrýni. En hvernig gerist það að slík aðferð sé innleidd í svo margu skólu?

Illugi segir eitt af stóru verkefnum sem við stöndum frammi fyrir í menntamálum vera einmitt þetta. „Hvernig tökum við ákvárdanir um kennsluaðferðir? Það er gjarnan svo hér á landi, að þegar maður spyr bessara spurninga: Hvernig var þessi ákvörðun tekin, að kenna svona eða hinseginn? Þá verður gjarnan fátt um svör,“ útskýrir hann.

Hann segir að breytingar hafi orðið á kennsluaðferðum í gegnum árin. „Nú fórum við í það að kalla eftir því með markvissum hætti hvernig slíkar ákvárdanir eru teknar, að þær hafi verið raunþrofaðar og við höfum eitt hváð í höndunum til að rökstýðja slíkar ákvárdarnir. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að það séu ákvárdanir sem eru afdrifaríkari fyrir íslenskt samfélag heldur en hvernig við kennum börnum okkar að lesa og reikna.“

Hann hefur undanfarið átt samtöl við forystufólk á sviði menntavísinda um þetta tilteknna mál. „Ég vil að við hugsum um það hvernig við getum betur beitt aðferðafræði sem er þannig að áður en við ráðumst í að innleida nýjar kennsluaðferðir liggi fyrir gögn eða vísbindingar um að líklegt sé að aðferðin skili árangri. Og við eignum svo með reglubundnum hætti að gera úttekt á því hvort við höfum nað settum markmiðum. Að við séum ekki að vaða áfram og aldrei sé lagt mat á hlutina. Við



**AFDRIFARÍKAR ÁKVÁRDANIR** Illugi segir fátt mikilvægara en hvernig við kennum börnum að lesa.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Hvernig tökum við ákvárdanir um kennsluaðferðir? Það er gjarnan svo hér á landi, að þegar maður spyr bessara spurninga: Hvernig var þessi ákvörðun tekin, að kenna svona eða hinseginn? Þá verður gjarnan fátt um svör.“


Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra af stokkunum átakinu Þjóðarsáttmáli um læsi á mánuðaginn en markmið átaksins er að bregðast við áhyggjum af læsi barna.

olof@frettabladid.is



**MARAÐON  
HEFUR ALDREI  
HLJÓMAÐ  
EINS VEL!**

FYRSTA SKEMMTISKOKKIÐ EÐA  
ÞINN BESTI TÍMI FRÁ UPPHAFI?  
SPOTIFY ER MEÐ HLAUPALISTA  
FYRIR ÞIG.



Spotify + Síminn




SPOTIFY PREMIUM ÁSKRIFT

**Í 6 MÁNUÐI**  
FYLGIR ENDALAUSA  
SNJALLPAKKANUM

Siminn.is/spotify

# DEBENHAMS



**20%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
BARNAFATNAÐI\*

Gildir út sunnudag



NÝJAR HAUSTVÖRUR FRÁ HUMMEL

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Finndu okkur á facebook

Opið til kl. 21:00 í kvöld

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# VERÐI PÉR AÐ GÓÐU

Friðrik ræktar spergilkál á bökkum Hvítár ásamt eiginkonu sinni Moniku. Uppskeran er myndarleg ár hvert en það er ekki síst að þakka sveppamassanum sem notaður er sem vistvænn áburður. Jarðvegurinn er frjósamur og ef ekki rignir nóg er tært vatnið sótt í Hvítá til vökvunar. Friðrik segir fáar grænmetistegundir jafn hollar og góðar og spergilkál.




ISLENSKIA SÍA IS SÍG 50273 0810 - Liðsmyndir: Hafi



[islenskt.is](http://islenskt.is)

Nýr áfangastaður 2016

# MONTREAL



Montreal er önnur stærsta borg Kanada og var valin hönnunarborg UNESCO árið 2006. Það ætti ekki að fara framhjá neinum að hönnun og arkitektúr skipa mikilvægan sess á meðal borgarbúa og á sumrin eru götulistamenn á hverju strái sem gleðja sálina. Njóttu þess að draga andann í fallegrí borg þar sem íbúar eru flestir jafnvígir á frönsku og ensku. Smakkaðu poutine, kynnstu borginni á hjóli, fáðu innblástur í Notre Dame eða verslaðu neðanjarðar. Allt þetta er hægt í Montreal.





**FORSTJÓRI N1** Eggert Pór Kristófersson tók við sem forstjóri N1 í lok febrúar.

Framlegð jókst um 11 prósent:

## Hagnaður N1 nær tvöfaldast

Hagnaður N1 á fyrstu sex mánuðum ársins var 769,5 milljónir króna. Það er 87,9 prósent aukning miðað við fyrstu sex mánuði ársins 2014 en þá nam hagnaðurinn 409,5 milljónum króna. Hagnaður á öðrum ársfjórðungi jókst um 30,5 prósent milli ára, var 634,9 milljónir í ár miðað við 486,7 milljónir fyrir ári.

Framlegð N1 eldsneytissölu var 1,6 milljarðar króna og jókst um 11 prósent á ársfjórðungnum miðað við í fyrra. Í afkomutilkynningu kemur fram að hærri framlegð skýrist að mestu af annarri sölu-samsetningu í ár miðað við í fyrra. Sala á bensíni jókst meira en á öðru eldsneyti eða um 4,1 prósent milli ára. Þá jókst markaðshlutdeild N1 í sölu á bensíni og nam 30 prósentum á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við 29,2 prósent á fyrstu fimm mánuðunum árið 2014.

Arðsemi eigin fjár nemur 15,4 prósentum á fyrstu sex mánuðum ársins 2015 samanborið við 5,8 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins 2014.

# Boða takmarkanir á vaxtamunaviðskipti

Seðlabankastjóri boðar skatt eða bindiskyldu til að takmarka vaxtamunaviðskipti en ekki sé búið að taka ákvörðun um endanlega útfærslu. Seðlabankinn hækkaði stýrivexti í gær og boðar frekari hækkanir.

Stefnt er að því að leggja skatt eða bindiskyldu á fjármagnsflutninga til landsins til þess að takmarka vaxtamunaviðskipti. Frá þessu greindi Már Guðmundsson seðlabankastjóri við kynningu á vaxtaákvörðun Seðlabankans í gær.

Már segir Seðlabankann vera á varðbergi gagnvart vaxtamunaviðskiptum. „Ef fjármagnshreyfingar eru frjálsar getur það boðið upp á vaxtamunaviðskipti. Það getur, ef það gengur of langt, boðið upp á óstöðugleika,“ segir Már. Nánar verður greint frá því með hvaða hætti þetta verður framkvæmt á næstu misserum að sögn MÁS.

Borið hefur á að vaxtamunaviðskipti erlendra aðila á Íslandi séu að hefjast á ný. Samkvæmt því sem fram kom hjá Lánamálum ríkisins juku erlendir aðilar ríkisskuldbréfaeign sína um 8,2 milljarða króna í júní og júlí. Þá hafa erlendir aðilar einnig keypt hlutabréf í Kauphöll Íslands að undanförnu.

Hann skilgreindi fátækt sem vontun á fjármunum til þess að kosta þær þarfir sem hverjum manni voru nauðsynlegar, s.s. mat, klæðnað, húsnæði og möguleika til að afla þeirra. Auðlegð skilgreindir Jón sem andstöðu fátæktar, þ.e. að eiga nóg til að framfleyta sér. Þjóðarauður væri þannig fólginn í því að til væri í eigu landsmanna, þau verðmæti sem þjóðinni væru nauðsynleg til lífsviðurværar á hverjum tíma og einnig verðmæti til að fullnægja þörfum til einhverrar framtíðar, skuldra.

Pessi markmið kalla á sérhæfingu. Sjómann og bændur framleiða matvæli, iðnaðarmenn byggja mannvirki, framleiða klæði og ýmsa hluti sem hverjum manni eru nauðsynlegir. Pessi sérhæfing kallar á verslun með þessi verðmæti og verðmat á þeim. Allt þetta leiðir af sér gjaldmiðil og í framhaldi af því, aðila sem höndla með pennan gjaldmiðil.

Byggingameistari byggir hús fyrir alþingismann. Sá getur ekki greitt fyrir verkið með vinnu-framlagi og því kemur gjaldmiðillinn við sögu sem ávísun á jafngildi þeirra verðmæta sem byggingameistarinn skil-

aði. Þannig urðu peningar gjaldmiðill í viðskiptum manna. Byggingameistarinn á umtalsvert magn peninga sem hann fékk í skiptum fyrir húsið. En þessi eign hans, peningar, er ekki varanleg eign. Stjórnmálamenn höfðu fundið þá leið til að vega upp á móti vangetu sinni til stjórnunar, að rýra þessa peningaeign byggingameistarans.

En stendur framlag byggingameistarans og heldur það sínu verðgildi? Já, það stendur en mótfamlagið, peningar, rýrna. Þessa rýrnun verðmæta kalla stjórnmálamenn verðbólgu. En hvað verður um þessa rýrnun verðmæta sem kallast peningar? Jú hún fer í ríkiskassann og vinnur þannig að jafnvægi í ríkisfjármálum. En getur hún ekki nýst öðrum, t.d. almenningu sem einnig kaupir hús af þessum sama byggingameistara? Nei, almenningu á ekki peninga til að kaupa hús. Hann verður að taka lán. Nú, er það ekki allt í lagi? Nei, það er ekki í lagi. Peir peningar rýrna einnig. Próun verðlags íslenskrar krónu gagnvart danskri frá 1938 er u.p.b. 625 falt. Þannig ætti ein dönsk króna að kosta 1.978 krónur íslenskar ef ekki hefðu verið skorin tvö níll af henni áramótin 1981-1982. Þess vegna er það nú svo, að þeir

sem eiga og lána peninga eru ekkert hrfirnir af því að þeir rýrni. Og þeir eru sérstakir skjólstæðingar ríkistjórnar sem þess vegna hafa komið því þannig fyrir að peningar sem lánaðir eru almenningu, rýrna ekki. Það kallast verðtrygging. Þetta er fjandi gott system, því það rýrir líka alla kjarasamninga. Reyndar sé ég ekki betur, en að samkvæmt ofanskráðu geti ríkisstjórnin ekki gefið út peninga með tveimur verðgildum, verðtryggðu og óverðtryggðu, peninga sem halda verðgildi sínu fyrir þá sem eiga meira en nóg af þeim og peninga sem rýrna samkv. Vanmætti ráðamanna til þess að halda verðgildi þeirra, fyrir almenningu. Enginn gjaldmiðill getur haft tvö verðgildi eftir því hver er eigandi hans.

Lög um gjaldmiðil Íslands. 3. gr. Peningaseðlar þeir sem Seðlabanki lætur gera og gefur út og peningar þeir sem hann lætur slá og gefur út skulu vera lögeyrir (löggiltur gjaldmiðill) í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði (nafnverð).

Jón Þorláksson var verkfræðingur. Hann var frumkvöðull að menntun iðnaðarmanna og fyrsti skólastjóri Iðnskólangs í Reykjavík. Hann átti stóran þátt í uppbryggingu samgöngukerfa, virkjunnatnsafls til rafvæðingar til bæja og sveita, og margra ann-

arrar framfaramála. Hann var borgarstjóri í Reykjavík og forsetið ríkisstjórnar. Hann var íhaldsmaður og fyrsti formaður íhaldsfloksins. Hann var þjóð sinni þarfur maður á erfiðum tímum. Skyldu forystumenn íhaldsins síðastliðin 25 ár fá svo góð eftirmæli sem Jón Þorláksson. Eða skyldu eftirmæli þeirra vera: Frá bjargálnum til fátæktar og rökstudd með öfugmælum á heiti fyrirlesturs Jóns Þorlákssonar. Nú er orðin svo mikil örþingrð hér á landi að þess eru naumast dæmi að „hvítur“ þjóðflokkur hafi sokkið svo djúpt í fátækt og vesaldóm.

**Heimildir:** Tímarit hins íslenska bókmennafélags, Indriði Einarsson. Frá fátækt til bjargráða, Jón Þorláksson forsetið ríkisstjórnar. Þjóðarspeggillinn 2012 Gylfi Magnússon.

## Pyrrhosarsigrar í orkusamningum

Tíðrætt hefur verið um slæma stöðu álversins í Straumsvík í kjölfar bréfs forstjóra fyrirtækisins til starfsmanna vegna yfirstandi kjaraviðræðna. Yfirvinnubann starfsmanna stendur yfir en verkfall frá 1. september var afboðað. Verkfallið hefði mögulega getað orðið tilefni til að Rio Tinto Alcan lokaði álverinu, í það minnsta um sinn. Í þréfinu kemur m.a. fram að álverið hafi tapað samtals 7 milljörðum króna árin 2012 og 2013 og að hagnaðurinn 2014 hafi verið 400 milljónir króna fyrir skatt sem jafngildir aðeins 0,3% arðsemi eigin fjár. Forstjórin nefnir sem skýringu að heimsmarkaðsverð á áli hafi lækkad mikið og að orkuverð til álversins sé ekki lengur tengt við álverð.

Nýr raforkusamningur Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík tók gildi 2010. Hækkuð á orkuverði til álversins varð veruleg, auk þess sem tenging við heimsmarkaðsverð á áli var afnumin. Á þessum tímapunkti hafði orkuverð í Evrópu sveiflast mjög upp á við og engu er líkara en að samningsáðilar hafi trúað því að þessi hækkuðarbóla yrði til frambúðar. Sí varð þó ekki raunin. Síðustu ár hefur orkuverð í Evrópu tekið mikla og langvarandi dýfu sem ekki sér fyrir endann á. Orkusamningurinn, sem álverið í Straumsvík situr uppi með, hefur að sjálfsgöðu áhrif á samkeppnishefni fyrirtækisins og getu þess til launahækkan, enda eru kaup á raforku annar tveggja stærstu kostnadarliða við rekstur álvera.

Stefna Landsvirkjunar í tíð númerandi forstjóra snýst um að fyrirtækið nái sem mestum arði. Þannig hefur Landsvirkjun t.d. hækkað raforkuverð undanfarið um tugi prósentá a matvælaframleidendur og ýmiss konar iðnfyrirtæki á sama tíma og orkuverð í nágrannalöndum hefur lækkad um 54% til 75%. Eðlilegt er að spryja hvort þessi stefna fyrirtækisins sé farin að skaða þjóðarhag. Hvort vegur þyngra arðsemi Landsvirkjunar eða heildarhagsmunir þjóðarbúsins? Míðað við áherslur Lands-

IDNAÐUR



Þorsteinn Þorsteinsson  
rekstrarhagfræðingur og markaðsýnir

➔ Pannig hefur Landsvirkjun t.d. hækkað raforkuverð um tugi prósentá a matvælaframleidendur og ýmiss konar iðnfyrirtæki á sama tíma og orkuverð í nágrannalöndum hefur lækkad um 54% til 75%.

virkjunar er þetta markaðsráðandi ríkisfyrirtæki á fákeppnismarkaði rekið eins og fyrirtæki í einkaeigu.

Óumdeilt er að álverin í landinu skipta miklu fyrir þjóðarbúið og mikilvægt að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggður til framtíðar. Samkvæmt mati Hagfræðistofnunar HÍ var heildarframlag áklasans til landsframlieðslu rúmlega 10% á árunum 2010 og 2011 en tæp 9% árið 2012. Um 1.500 manns starfa að jafnaði við álvera og afleidd störf eru um 5.000. Meðalvirði álúflutnings 2010 til 2012 nam 237 milljörðum króna á ári. Þannig stóð álið fyrir 40% af heildarvöruútlutningi landsins. Á ársfundi Samáls kom fram að Landsvirkjun sé a.m.k. metin á 500 milljardar kr. auk þess sem von sé að tugmilljarða arðgreiðslum í náinni framtíði. Ágóðinn er að langmestu leyti vegna orku kaupa álveranna þriggja. Heimilin í landinu njóta einnig góðs af með einstigi orkuverði í Evrópu.

Mikið er því í húfi og ekki sjálfgefið að arðsemi Landsvirkjunar eigi að vera í fyrirrumí a kostnað grunnvatninnugreinar á borð við áklasann. Ef loka þyrti íslenskum álverum vegna ósamkeppnishæftra rekstrarskilyrða, yrðu efnahagslegar afleiðingar mjög alvarlegar. Í því stóra samhengi gæti yfirburðastaða og hörð framganga Landsvirkjunar í samningum reynst dýrkeyp. Allir myndu tapa: starfsmenn álfyrirtækjanna, álfyrirtækin, margvísleg þjónustufyrirtæki, sveitarfélög, ríkið og Landsvirkjun sjálf. Er kannski kominn tími til að staldra aðeins við og skoða stefnu Landsvirkjunar með heildarhagsmuni þjóðarbúsins í huga, líkt og lagt var upp með við stofnun fyrirtækisins?

Hvernig fer ég þá að ef ég vil taka rafræn samskipti mína a næsta stig? Fórum stuttlega yfir þau forrit sem bjóða upp á aukna persónuvernd og hvernig við notum þau og byrjun á tölvupóstnum. Pegar við eignum samskipti með viðkvæmar upplysingar og viljum tryggja að

## Öryggi upplýsinga

Snjallsíminn er eitt helsta tæki næstu kynslóða í samskiptum og samvinnu. Snjallsíminn er aftur á móti stórt skref aftur á bak hvað varðar persónuvernd, nafnleyn og öryggi.

Einstaklingar og/eða fyrirtæki sem vinna með viðkvæmar upplýsingar geta orðið fyrir óbætanlegum skaða ef upplýsingarnar komast í hendur óviðeigandi aðila. Hvort sem það er lögfræðingur, stjórnmálaður, blaðamaður eða Jóna og Jói á götunni. Stjórnmálaðurinn vill hugsanlega eiga leynd samskipti við sinn aðstoðarmann og ef ske kynni að hann sendi óvart póst á alla fjlömla landsins, þá væri gott að innihald póstsins væri ólæsilegt öðrum en aðstoðarmanni hans. Lögfræðingur getur verið að vinna með viðkvæmar upplýsingar í viðskiptum eða sakamáli og vill geta sent tölvpóst eða skilaboð sem dulkóðuð eru með opinbera lykilinum þínum. Með sama hætti sendir þú dulkóðað skeytí að viðtakanda með opinbera lyklum hans. Allt hljómar betta nú flókið og leyniþjónustulegt en í raun er um einfalda uppsetningu að ræða og auðvelda í framkvæmd. Engin þörf að hrингja í Q. Þú getur lesið leiðbeiningar hvernig Enigma er sett upp hér: <https://emailselfdefense.fsf.org/en/>

UPPLÝSINGA-TÆKNI



Birgir Freyr Birgisson

eingöngu réttur viðtakandi geti lesið póstinn þá er hægt að dulkóða póstinn með Enigma viðbót (plugin) í t.d. Thunderbird-póstforritinu. Með viðbóttini býrð þú til einkalykil og opinberan lykil. Ef einhver vill senda þér dulkóðað aðan póst sem aðeins þú getur lesið þá notar hann opinbera lykilinn þinn til að dulkóða póstinn. Með þessu móti getur aðeins þú opnað póstinn þar sem aðeins þinn einkalykill getur opnað skilaboð sem dulkóðuð eru með opinbera lykilinum þínum. Með sama hætti sendir þú dulkóðað skeytí að viðtakanda með opinbera lyklum hans. Allt hljómar betta nú flókið og leyniþjónustulegt en í raun er um einfalda uppsetningu að ræða og auðvelda í framkvæmd. Engin þörf að hrингja í Q. Þú getur lesið leiðbeiningar hvernig Enigma er sett upp hér: <https://emailselfdefense.fsf.org/en/>

En við notum einnig sms-samskipti og spjallforrit eins og Google Hangouts bæði í síma og tölvunni. Það eru til frjáls og opin forrit sem bjóða upp á dulkóðuð samskipti. Sem dæmi er hægt að sækja forrit fyrir Android og iPhone sem heitir Chatsecure. org/ og býður upp á dulkóðuð samskipti í gegnum Google-notandareikninga. Svo framarlega að notendur séu með sambærilegum forriti. Eitt annað forrit sem hægt er að nota í símanum og tölvunni og er ekki ósvipað Viber er Telegram en ólíkt Viber getur Telegram dulkóðuð samskipti á milli notenda sem tala saman kjósi þeir það.

Munið þið eftir nafnleyninni sem símalíðið bauð upp á? Nú er það einnig hægt í gegnum farsímann: Hringja símtöl sem fara ekki í gegnum farsíma-kerfið, eru ekki skráð og ekki hægt að hlera. Það er einfaldara en þú heldur. Ef þú vilt skoða frekar að efla öryggi samskipta í gegnum símann þá er hægt að skoða heimasíðu The Guardian Project en þar er að finna yfirlit yfir öll þessi forrit og hvernig þau eru sett upp með mjög einföldum hætti. <https://guardianproject.info/>

Meira um dulkóðun í spjallforritum í tölvunni eða símanum er hægt að lesa hér: <http://freedom-hacker.net/securing-chat-on-ios-and-android-computer/>

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

zero Emission



Innovation  
that excites

# VINSÆLASTI RAFBÍLL Á ÍSLANDI

ER Á **BESTA VERÐINU**, HEFUR MESTU REYNSLUNA  
OG BESTA AÐGANG AÐ HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVUM!

**INNIFALIÐ**  
6,6 KW HRAÐHLEÐSLUBÚNAÐUR

- TIL AFGREIÐSLU STRAX
- TÓKUM NOTAÐA BÍLA UPPÍ



**NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL**  
**VISIA 3.990.000KR. ACENTA 4.190.000KR. TEKNA 4.490.000KR.**

**Visia:** Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, USB og AUX tengi, handfrjáls símbúnaður, bakkmyndavél, lyklalaust aðgengi, 6,6 kW hleðslubúnaður, innstunga fyrir hraðhleðslu, tímastilling á miðstöð, leðurstýri.

**Umfram í Acenta:** 16" álfelgur, litaðar afturrúður, hraðastillir (Cruise Control) með stillingu á hámarks-hraða.

**Umfram í Tekna:** 17" álfelgur, miðstöð með varmadælu, 7" snertiskjár fyrir bakkmyndavél, 360° myndavélabúnaður, Bose hljómkverfi, Tekna innréttning, aðkomulýsing.

# TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR JÓHANN MAGNÚSSON**  
bókbindari,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hörumr þann  
12. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið  
fram í kyrrþey að ósk hins látna.



Björn Pétursson  
Magnús Pétursson  
Pétur R. Pétursson, Ólöf A. Þórðardóttir  
og afabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**ANNA SIGURÐARDÓTTIR,**

fyrum húsfreyja að Borg á Mýrum, andaðist  
á Hrafnistu við Boðaping, mánudaginn  
17. ágúst.



Nína Leósdóttir  
Sigurður Örn Leósson  
og fjölskyldur.

Stefán Yngvason  
Laufey Jónsdóttir



Ástkær eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**SKÚLI SKÚLASON,**  
framkvæmdastjóri,  
Birkigrund 31, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut,  
mánudaginn 17. ágúst. Útförin fer fram frá  
Hjallakirkju í Kópavogi, föstudaginn 21. ágúst, kl. 13.00.



Helga Ingólfssdóttir og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**STURLA FRÍÐRIKSSON**  
erfðafræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn  
14. ágúst. Útför hans fer fram frá  
Dómkirkjunní í Reykjavík mánudaginn  
24. ágúst kl. 11.00.



Sigrún Ása Sturludóttir  
Embla Þórssdóttir  
Sturla Þórsson  
Guðlaug Yr Þórssdóttir  
Askur, Ísabella Ýr og Baldur Klausbörn



Okkar ástkæra móðir, stjúpmóðir,  
tengdamóðir, amma, langamma og  
langalangamma,

**HANNA STEFÁNSDÓTTIR**  
Austurbögð 17,  
áður Viðilundi 24,

sem lést þann 30. júlí á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð,  
verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 25. ágúst.  
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sumarbúðirnar  
Hólavatni (sími 588-8899 eða kfum.is minningargjafir).

Stefán Jónas Guðmundsson  
Guðm. Ómar Guðmundsson  
Haraldur Huginn Guðmundsson  
Kristján Antonsson  
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Hátíð í harðri samkeppni við Menningarnótt

Fyrsta bryggjuballið í Norðurfirði á Ströndum verður nú á laugardagskvöldið. Linda Guðmundsdóttir verslunarstjóri stendur fyrir því og vonar að það verði árviss viðburður.

„Það verður vonandi rokna stuð hér um helgina,“ upplýsir Linda Guðmundsdóttir, verslunarstjóri í kaupfélaginu í Norðurfirði á Ströndum, sem stendur fyrir bryggjuballi við smábáthöfnina og veitir þar með Menningarnótt í Reykjavík harða samkeppni. Hún segir tímasetninguna góða fyrir heimafólkö, eftir heyskap og strandveiði, númer sé örlítil pása þar til smalamennskur byrji og aðrar haustannir.

„Ballið er fyrst og fremst hugsað fyrir fólk hér í kring en auðvitað fögnum við öllum sem vilja skemmta sér fallega með okkur,“ segir hún.

Tónar harmóníunnar munu hljóma í Árneshreppnum, því sjálf spilar Linda á það göfuga hljóðfæri og fær til sín spilara bæði úr Eyjafirði og að sunnan, þeirra á meðal

Friðjón Jóhannsson sem margir landsmenn kannast við. „Auðvitað verður hér alvöru hljómsveit með gítar, trommu og bassa líka,“ tekur Linda fram og segir verða dansað úti. „Þetta er bryggjuball, það er auðvelt að dansa á smábátabryggjunni en hljómsveitin verður í gámi svo hún fái skjól. Við ætlum að skreyta hér með seríum og kertum og gera þetta svolitið kósí.“ Hún kveðst vona að bryggjuballið verði árvisst á haustin næstu ár. „En betta er fyrsta tilraun,“ segir hún. „Hugdetta sem ég fékk og ákvað að hrinda í framkvæmd. Nú, ef veðrið verður ofboðslega leiðinlegt þá er hér gamalt fiskverkunarhús við bryggjuna sem hægt er að opna stórar dyr á og dansa inni í. Það er plan B.“

Ballið byrjar klukkan tíu að sögn

„Petta er bryggjuball, það er auðvelt að dansa á smábátabryggjunni en hljómsveitin verður í gámi svo hún fái skjól. Við ætlum að skreyta hér með seríum og kertum og gera þetta svo-litið kósí.“

Lindu og hún býst við að það standi til tvö. „Það er bara gamla góða sniðið á þessu,“ segir hún. „Svo kostar 2.000 kall inn á svæðið og það er posí á staðnum. Þetta verður örugglega gaman. Strandamenn hafa alltaf kunnað að skemmta sér.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona, móðir,  
tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN GUÐNADÓTTIR**  
hjúkrunarfræðingur,  
Sæviðarsundi 70,  
Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum 6. ágúst,  
verður jarðsungin frá Fossvogskirkju  
föstudaginn 21. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar  
er vinsamlegast vísað á Krabbameinsfélagið.



Kári Sigfusson  
Guðni Már Kárason  
Sigfús Ásgeir Kárason  
Kristín Helga Káradóttir  
og barnabörn.

María Hrönn Magnúsdóttir  
Birna Jónsdóttir



Yndisleg eiginkona mírin, mamma okkar,  
tengdamamma, amma og langamma,

**RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR**  
frá Neskaupstað,  
Drekavöllum 18, Hafnarfjörður,

lést á Landakotsspítala þann 9. ágúst.  
Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju  
föstudaginn 21. ágúst kl. 15.00.



Karl Finnborgason

Jón H. og Erla  
Finnbogi  
Jóna Dóra og Guðmundur Árni  
Heimir og Rúna  
ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar og amma,

**RANNVEIG SIGURÐARDÓTTIR**  
kenndari, frá Möðruvöllum í Hörgárdal,

lést 18. ágúst á Dalens-sjúkrahúsini í Stokkhólmi.

María S. Tómasdóttir  
Tómas Breki Tómasson  
og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir, sonur og bróðir,

**JÓHANNES JÓHANSSON**  
Decherd,  
Tennessee,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 14. ágúst  
sl. Minningarárhöfn verður í Grensáskirkju  
fimmtudaginn 27. ágúst klukkan 13.00.



Jeanie Stephenson  
Will Johannsson  
Jóhanna Lynn Johannsson  
Jóhanna D. Jónsdóttir  
systkini og fjölskyldur.



Tilkynningar um merkitburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
timamat@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is  
eða hrингja í síma 512 5000.

# FÓLK


KYNNINGARBLAÐ

## KIRKJA Á FÆTI

Knattspyrnumaðurinn Þórður Steinar  
Hreiðarsson lét húðflúra Hallgrímskirkju  
á sköflunginn.

Síða 2

## TÆKIFÆRISGJAFIR



Hnífaparatöskur - 12 manna  
14 tegundir  
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



### EITTHVAD FYRIR ALLA

Framesi framleiðir ólíkar vörulínur fyrir mismunandi hágerðir. Þar er lögð áhersla á náttúruleg efni og reynt eftir fremsta megni að forðast ofnæmisvalda.

Opnum í dag með fulla verslun af glæsilegri haustvöru

hjá Ragnhildi

Engjateigur 5 • Sími 581 2141  
www.hjahrafnhildi.is

## MÆTA ÓLÍKUM PÖRFUM

**ÁNÆGD** Hárvörurnar frá ítalska framleiðandanum Framesi eru þekktar fyrir gæði en þær innihalda ýmis náttúruleg efni sem eru þekkt fyrir öfluga virkni. Þórunn Sandholt hefur notað þær í tvö ár og er mjög hrifin.

Ég nota aðallega BY Roots Up Mousse Spray og Super Hold hár-spreyið frá Framesi. BY Roots Up gefur hárinnu góða rótarfyllingu og lætur hárið líta út fyrir að vera þykka en spreyið gefur gott hald. Þá nota ég sjampóið Morphosis Sublims Oil sem kemur í veg fyrir skemmdir af völdum ofþornunar og þegar sólin skín nota ég Morphosis Sun-sjampóið og næringuna sem saman verja hárið fyrir skaðlegum áhrifum klórs og sólargeisla,“ segir Þórunn Sandholt sem starfar á hárgreiðslustofunni Hármót þar sem vörurnar fást. Hún segir viðskiptavini hrifna af Morphosis De-Stress sem er hugsað fyrir fólk með viðkvæman hárvörð en hún róar hárvörðinn og gefur raka. Eins hefur nýjasta mótnarlínan frá Framesi BY verið vinsæl. „Við vaskinn notum við svo alltaf Morphosis Color Protect sem verndar litinn og viðheldur gljáa og mykt.“

Hjónin Svala Ólafsdóttir og Helgi Loftsson hafa verið með umboðið fyrir Framesi-vörurnar í fimmtán ár en þær fást einungis á hárgreiðslustofum. Þau reka heildsölnu Hár og smink og samnefnda hárgreiðslustofu að Hlíðarsmára 17 í Kópavogi.

Framesi hefur starfað í 70 ár og er

með höfuðstöðvar í Milánó. Fyrirtækið stendur framarlega í hárgreiðslugeiranum og er í samstarfi við mörg af helstu hönnunarfyrirtækjum í borginni.

Hjá Framesi er lögð áhersla á náttúruleg efni og reynt eftir fremsta megni að forðast ofnæmisvaldandi efni sem er mikilvægt fyrir jafnt fagfólk sem neytendur. Þá leggur fyrirtækið mikla fjármuni í rannsóknir og þróun og vinnur í nánu samstarfi við bæði ítalskar og bandarískar stofnanir á heilbrigðissviði. Vörurnar styðja að sögn Svölu vel við vinnu fagfólks og eru einungis fáanlegar á hárgreiðslustofum.

Framesi framleiðir ólíkar vörulínur fyrir mismunandi hágerðir. Densifying-línan eða hárloslínan inniheldur meðal annars eplastofnfrumur sem eru að sögn Svölu það nýjasta í hárbransanum í dag en þær byggja upp og endurnýja hárið. Þá inniheldur Sublims Oil-línan arganolíu sem er mjög rakagefandi svo dæmi séu nefnd en meðfylgjandi eru nánari upplýsingar um hverja línu fyrir sig. Meðal helstu innihaldsefna í vörum eru bláber, granatepli, sítróna, appelsína, argan-olia, sólblomaolia og kóralþörungar í bland við vitamín og steinefni en öll hafa þau gefið góða raun í snyrtívörugeiranum um langt skeið.



**HAFA REYNST VEL**  
Þórunn hefur notað vörurnar síðastliðin tvö ár. BY Roots Up Mousse Spray er í mestu uppáhaldi.



**FÁST AÐEINS Á HÁRGREIÐSLUSTOFUM**  
Vörurnar styðja að sögn Svölu vel við vinnu fagfólks og eru einungis fáanlegar á hárgreiðslustofum.

MYND/ANDRI MARÍNO

Íslenskar upplýsingar er að finna á [www.licener.com/IS](http://www.licener.com/IS)

## Lúsasjmpó eyðir höfuðlús og nit

### Öflugt - fljótvirk - auðvelt í notkun

- Virkar í einni meðferð
- Fljótvirk: Virkar á 10 mínútum
- 100% virkni gegn lús og nit
- Náttúrulegt, án eiturefna

FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM

**LICENER®**  
VIRKAR Í EINNI MEÐFERÐ

Mjög  
auðvelt  
að skola  
úr hári!

\* Abdel-Ghaffar F et.al; Parasitol Res. 2012 Jan; 110(1):277-80. Epub 2011 Jun 11.

Fyrir 2 ára og eldri

LYFIS  
Trust i lyfum



## Nýjar haustvörur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna



**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

## LEIÐSÖGUNÁM

### VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Íslandi í máli og myndum. Námið er opíð öllum þeim sem áhuga hafa að læra hvornig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.

-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögfélagini

#### Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækní, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmennir og listir, menningartengd ferðajónusta.
- Skipulagðar ferðir og afpreyngarferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þauvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu svíði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið i fjölda vettvangsferða.

#### Umsögn:

Sl. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til míni og auka áhuga minn á námsfni og ekki síst að veikja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu svíði og áttu auðvelt með að koma efnini til skila.

Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímur eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir,  
Vestmannaejum

Opið 8-22



Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

## MARGIR KNATT- SPYRNU- MENN MED FLÚR

„Það eru margir knattspyrnumenn með flúr-aðar hendur og erlendis sjást sífellt fleiri með húðflúr á fótum líka.“



# ÚTSÖLU LOK

## ALGJÖRT VERÐHRUN Á ÚTSÖLUNNI

AÐEINS 5 VERÐ :-)  
**1.000.-**  
**2.000.-**  
**3.000.-**  
**4.000.-**  
**5.000.-**

Allar útsölubuxur á kr. 3.900.-

Rita

# HALLGRÍMSKIRKJA Á SKÖFLUNGNUM

**VEKUR ATHYGLI** Knattspyrnumaðurinn Þórður Steinar Hreiðarsson, sem spilar með Þór á Akureyri, er með húðflúr á höndum, léri, sköflungi og maga. Húðflúrið á sköflungnum hefur vakið nokkra athygli en þar er hann með mynd af Hallgrímskirkju. Ætla mætti að hann sé trúaður en svo er ekki.

**É**g er alinn upp í Þingholtunum og gekk í Austurbæjarskóla. Ég labbaði fram hjá Hallgrímskirkju á hverjum degi og var vanur að gera mér að leik að bakka frá kirkjudyrum að styttunni af Leifi Eiríkssyni með augun límd á krossinn á meðan. Mér hefur alltaf þótt byggingin flott en hún er líka eitt helsta kennileiti Þingholtanna og mér fannst því tilvalið að skella henni á mig. Þórður segir skýringuna í raun ekki flóknari en svo. „Flest húðflúrin mín hafa enga sérstaka tilfinningalega skírskotun, ef frá eru taldir upphafsstafir bræðra minna. Oftast læt ég húðflúrarana mína bara ráða för enda eru þeir gríðarlega færir. Ég er þó með sumarbústað ömmu minnar á milli norðurljósá á hægri öxlinni og vissulega er einhver tenging þar.“

Þórður lætur flúra sig á Izreumi sem er til húsa að Laugavegi 69. Vinur hans Annel Helgi, eða Angelito eins og hann er kallaður í húðflúrheiminum, rekur stofuna og á heiðurinn að Hallgrímskirkju húðflúrinu. Hann fær auch þess til

sín gestaflúrara að utan sem hafa flúrað hendurnar á Þórði. Þórður stefnir að því að fá sér ermi niður hægri handlegg og er þegar kominn með verk frá öxl og niður að olnboga. Hann er svo með flúr yfir þríhofðann á þeirri vinstri. Þá er hann með flúr á lærinu sem var jafnframt hans fyrsta húðflúr. „Í fyrstu fannst mér það góður staður enda auðvelt að fela það en nú er ég alveg hættur að spá í það enda húðflúr að verða sífellt meira áberandi.“

Aðspurður segir Þórður sífellt fleiri knattspyrnumenn skarta húðflúri. „Það eru margir með flúraðar hendur og erlendis sjást sífellt fleiri knattspyrnumenn með húðflúr á fótum líka. Ég hugsa að sú bylgja eigi rætur að rekja til ítalas fót-boltamannsins Marco Materazzi sem létt húðflúra bikar á lærið á sér eftir að hafa unnið í HM í fótbalta árið 2006. Hann er algert villidýr og voru margir sem fylgdu á eftir. Hér á landi eru þó enn þá fleiri með á handleggjum en fótum.“

Þórður aðhyllist ekki endilega einn ákveðinn húðflúrsstíl þó

hann sé óneitanlega mest í svörtu og hvítu. „Ég er með ofnæmi fyrir rauða litnum en er svoltið að leika mér með bláan í bland. Hallgrímskirkjuhúðflúrið byggist upp á hreinum línum og ég væri hæstanægður með það ef ég hefði ekki tekið upp á því að fara að skrifa fyrir ofan það. Þar sem ég er trúleysingi sleppti ég krossinum og auk þess setti ég lógó uppáhalds hiphop-hljómsveitar minnar Jurassic 5 inn í klukkuna. Sumir fetta fingur út í það á meðan öðrum finnst það geðveikt, en ég sé aðallega eftir því að hafa skrifad Freedom fyrir ofan kirkjuna sem er nafn á lagi eftir þessa sömu hljómsveit. Ef ég hefði sleppt því hefði flúrið orðið alveg „clean“ sem hefði eftir að hyggja verið flottara.“

Þórður er þó ekki af baki dottinn og segir lítið mál að flúra yfir. „Svo get ég líka bara sett plástur,“ segir hann og hlær. „Þá er aldrei að vita nema maður skelli sér í laserfræðin. Það er örugglega ágætis „business“ enda hlýtur að vera fullt af fólk þarna úti sem vill losna við gömlu tribal-tattúin.“ ■ vera@365.is

**KENNILEITI  
ÞINGHOLTANNA**  
Þórður er alinn upp í Þingholtunum og gekk fram hjá Hallgrímskirkju á hverjum degi á leið í skólan sem barn. Hann er ekki trúður en lítur á kirkjuna sem kennileiti Þingholtanna.  
MYND/ANTON



## LITRÍK HAUSTLÍNA

Nýja haustlínan frá Lindex var kynnt til sögunnar ný-verið. Línan samanstendur af blöndu af víðum og síðum flíkum, art-prenti, sterkum litum, buxum og pilsum.

Við kynningu á línunni sagði Nina Starck, yfirhönnuður hjá Lindex: „Við erum búin að vera svo lengi í svörtum, hvítum og hlutlausum litum svo það er virkilega hressandi að fá fram þessa haustliti.“

Lindex mælir með að allar konur fái sér peysur fyrir haustið og þá sér í lagi rúllukragapeysu. Gallabuxurnar verða áberandi í haust og þá helst háar í mittið og útvíðar.

„Útlínurnar verða áhuga-verðar með sitt yfir sitt, pils yfir buxur og mörg samsett lög. Áherslan á pils og buxur er augljós, þar sem uppáhaldsflíkurnar eru með spennandi formum, síddum og eftum.“ segir Nina Starck.



## CARA HÆTT Í BRANSANUM

**Skiptir um starfsvettvang**

● Hin 23 ára Cara Delevingne hefur notið mikillar hylli síðan hún steig sín fyrstu spor sem fyrirsæta fyrir fjórum árum. Vinsældir hennar hafa sjaldan verið meiri meðal tiskuhönnuða sem keppast um að fá hana í sýningar sínar.

Cara sjálf, sem hefur vakið athygli fyrir skemmtilega og líflega framkomu, ætlar hins vegar að segja skilið við tiskubransann og snúa sér alfarið að leiklistinni. Pessi breska stjarna hefur í viðtöllum viðurkennt að hún hafi ekki notið bess að vera fyrirsæta undanfarið, starfið hafi orðið til þess að henni hafi fundist hún gömul og útslitin. Þá taldi hún að henni hefði verið þróngvað til að sitja fyrir á kynferðislegan máta þegar hún var ung og óhördnuð og ekki kunnað að segja nei.

Cara hefur nú þegar lagt drög að kvíkmyndaferli sínum. Hún lék í myndinni *Paper Towns* sem kom út á þessu ári og mun einnig leika í myndinni *Suicide Squad* sem kemur út á næsta ári. Hún viðurkennir að kvíkmyndabransinn sé skyldur tiskubransanum en í dag hafi hún þroskann og aldurinn til að segja nei við því sem hún vill ekki gera.

## NUTRILENK - hollráð við liðkvillum. Náttúrulegt fyrir liðina



### Laus við verki vegna slitgigtar



„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjam og mjóbaki í fjölmög ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt. Bæklunarlæknir benti mér að hyggja betur að lífsstílum og taka inn NUTRILENK. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hnjam og get hreyft mig óhindrað. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK finn ég verkina koma aftur. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK.“

Hinrik Ólafsson, leikari, kvíkmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

### Hvað getur Nutrilenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskvefurinn rýmað sem veldur því að liðinir slitna. Mjög margir finna fyrir óþaegin-dum og verkjum þegar liðflettnir náast saman, sérstaklega tilbamiðunum í mjóðum, hrygg og hnjam. Þess vegna er til mikils að vinna að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður

Liður með slitnum brjóskvef

### Bjargar mér frá skelfilegum verkjum



„Ég þarf að vera á andhormónalyfum næstu árin til halda í skelfum brjóstakrabba meini sem ég greindist með. Lyfin fóru þannig í skrokkinn á mér að ég var undirlögð af skelfilegum liðverkjum og ég var ekki bjartsýn á að halda út inntöku lyfjanna í 5 ár. Ég ákvað að prófa NUTRILENK og tók inn 2 töflur 3x á dag. Ég fann mun viku seinna og gat minnkað skammtinn í 3 töflur á dag sem heldur mér góðri. Mér er mikið í mun að segja frá þessari reynslu því ég veit um margar konur í sambærilegri stöðu og vona að NUTRILENK hjálpi þeim eins og mér. Ég er ótrúlega þakklát!“

Lára Emilsdóttir, 59 ára fjármálastjóri



### Hefur hjálpað fjölmögum

Nutrilenk Gold inniheldur brjósk úr fiski- og hákarlabeinum sem er óflugt byggingarefn fyrir bein og brjósk enda rikt af kondritini, mangan, kollágeni og kalki. Nutrilenk hefur hjálpað fjölmögum sem þjást af liðverkjum.

Þrófið sjálf - uppliflið breytinguna!

Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna



Stærðir 38-52  
my style Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
s: 571-5464

**Flottar buxur**

Leggingsbuxur  
á 6.900 kr.  
Stærð 36 - 50

Boöt-cut gallabuxur  
á 13.900 kr.  
2 litir: blátt og svart  
Stærð 36 - 50

Opið virka daga kl. 11-18  
Opið laugardaga kl. 11-15

**black pepper**  
fashion  
Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kikið á myndir og verð á Facebook



**HATTUR Í UPPÁHALDI** Unnar Þórdís spáir mikið í tísku og langar að stofna eigið lífsstílsblogg enda hefur hún einnig brennandi áhuga á matargerð og innanhússhönnun.

MYND/ANTON BRINK

# ÁHUGINN KVÍKNAÐI MED UGLY BETTY

**SPURT OG SVARAD** Unnar Þórdís Kristinsdóttir er sautján ára Kvennaskólamær með einlægan tískuáhuga. Hún heldur mest upp á hattinn sinn frá Jör og langar í fleiri.

**PÆLIR PÚ MIKIÐ Í TÍSKU?** Já, ég hef lengi haft gaman af fótum og að klæða mig upp á. Ég held að áhuginn hafi kvíknað með tískupáttunum Ugly Betty sem sýndir voru á RUV á mínum yngri árum.

**HVERNIG KLÆDIR PÚ ÞIG HVERSDAGS?** Mér finnst voða gott að grípa gallabuxur og rúllukragapeysu. Eitthvað þægilegt! Sérstaklega ef ég er að fara í skólann.

**HVERNIG KLÆDIR PÚ ÞIG SPARI?** Er oftast í þróngu síðu pilsi við leðurjakka eða í leðurbuxum við einhvern flottan síðan frakka. Hatturinn er síðan rúsínan í pylsuendanum.

**HVERNIG LÝSIR PÚ STÍLNUM ÞÍNUM?** Ég er mjög opin fyrir öllu og elska að breyta til. Finnst gaman að klæðast töffaralega en stundum langar mig bara að vera klassísk.

**HVAR KAUPIR PÚ FÓTIN ÞÍN?** Ég er búin að vera húkt á að versla á Asos undanfarið en flest fótin míni eru úr Zöru, Gallerii 17, Mango og H&M. Finnst einnig mjög gaman að versla í óþekktum búðum erlendis, þannig get ég næustum því verið viss um að eiga ekki eins og allir aðrir á Íslandi.

**EYÐIR PÚ MIKLU Í FÖT?** Já, ég eyði talsvert miklu peningum í föt. Þegar á allt er litið er þetta eitt af mínum uppáhaldsáhugamálum og mér finnst það einungis rétt að fjárfesta í því sem maður elskar.

**HVER ER UPPÁHALDSFLÍKIN ÞÍN?** Í augnablikinu er það klárlega gráí hatturinn minn úr Jör. Hann gefur „outfitt-inu“ svo mikinn karakter.

**UPPÁHALDHÖNNUÐUR?** Ég er mjög hrifin af Alexander Wang, Balmain og Calvin Klein.

**BESTU KAUPIN?** Geðsjúki rauði leðurjakkinn minn úr Mango. Í honum týnist maður svo sannarlega ekki í mannhrúgunni.

**VERSTU KAUPIN?** Mosagrænn samfestingur sem mamma hélt að væru veiðivöðlur.

**HVERJU VERÐUR BÆTT INN Í FATASKÁPINN Á NÆSTUNNI?** Það sem er á óskalistanum mínum þessa stundina eru Dior so real-sólgleraugu, Hunter stíg-vél, Vatnajökull-úlpa frá 66, trefill frá Won Hundred, Calvin Klein-kósípeysa og fleiri hattar!

**HVER ER HELSTI VEIKLEIKI ÞÍNN ÞEGAR KEMUR AÐ TÍSKU OG ÚLTITI?** Þegar ég sé eitthvað sem mér líkar þá verð ég að eignast það. Mér finnst einnig erfitt að fara í gegnum daginn þegar ég er ekki fullkomlega sátt við hvernig ég lit út sem er náttúrulega bara fáránlegt!

**HVERS KONAR FYLGİHLUTI NOTARÐU?** Daniel Wellington-úrið mitt sem passar við allt. Elska líka stóra eyrnalokka og hatta.

**ÄTTU ÞÉR TÍSKUFYRIRMUND?** Nei, enga sérstaka. Sæki innblástur alls staðar í kringum mig. Hins vegar finnst mér Pattra S. sem bloggar fyrir Trendnet og Fanney Ingvars allaf vera jafn flottar.

**KJÓLL, PILS EÐA BUXUR?** Fer eftir aðstæðum en ég nota leðurbuxurnar mínar mest.

**HÁIR HÆLAR EÐA FLATBOTNA?** Pykkbotna haelarnir míni frá Vagabond eru í miklu uppáhaldi.

**Aðeins í dag!**

20% afsláttur

Kynning á:  
• D-Lúx 3000  
• B12 Boost

**FK**  
FJARDARKAUP

**BetterYou D-LUX 3000 Vitamin D Oral Spray**

**Leggings**  
verð frá 2.990,-  
**Hlýrabolir**  
verð frá 1.990,-

# NÝ SENDING AF ÚLPUM OG KJÓLUM!

ZIK  
TÍSKUHÚS



# FYRIRSÆTUSTARFIÐ HEILLAR DÆTURNAR

**DRAUMASTARFIÐ** Fjölmargar dætur frægra leikara og söngvara kjósa sér starf fyrirsætunnar. Kannski eru það yfirfullir skápar foreldranna af hönnunarflíkum sem vekja áhugann á starfinu eða hugmyndin um að fyrirsætustarf-ið sé gott fyrsta skref inn í heim skemmtanabransans. Hér má sjá nokkrar flottar fyrirsætur og fræga foreldra þeirra.



**Georgia May Jagger** er dóttir rokkgóðsins Micks Jagger og ofurtyrirsætunnar Jerry Hall. Hún þykir flott blanda þeirra beggja, með rokkaravarir pabbans og fagurt hár móður sinnar. Systir Georgiu May, Elizabeth, er einnig fyrirsæta.




**Ireland Baldwin** er dóttir leikaranna Kim Basinger og Alecs Baldwin. Hún er íþróttamannslega vaxin og minnir um margt á móður sína á yngri árum.



**Zoe Kravitz**, dóttir Lisu Bonet og Lenny Kravitz, hefur byggð upp leikarafé til hefur einnig starfað sem fyrirsæta. Hefur til dæmis birst í tímáritum á borð við Elle.



Frægðarstjarna **Kendall Jenner** hefur risið hratt síðastiðið ár og er hún nú ein eftirsóttasta fyrirsætan í bransnum. Hún er dóttir rauveruleika-stjörnunnar og Olympíuverðlaunahafns Caitlyn Jenner.



**Margaret Qualley** byrjaði feril sinn sem fyrirsæta líkt og mammán, Andie MacDowell. Hún hefur nú stigið skrefið inn í heim leiklistar. Hún leikur dóttur söguhetjunnar í þáttunum The Leftovers.



## Bio-Kult

Bio Kult Candéa inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi



“Mikill munur á húðinni og meltingunni”  
Lilja Dröfn Kristinsdóttir

„Bio Kult Candéa hefur breytt lífi mínu“  
Fjölnir Kvaran

“Loksins laus við ristilkampaköstin”  
Jóhanna Þorvaldsdóttir

# FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

FIMMTUDAGUR 20. ÁGÚST 2015

Kynningarblað Vodafone, Inkasso, IKEA og Ekran



„Til að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar fá fyrirtækin aðgang að teymi sem samanstendur af viðskiptastjóra og viðskiptafulltrúa sem þau hafa greiðan aðgang að,” segir Atli Viðar Björnsson, viðskiptastjóri Fyrirtækjaþjónustu Vodafone.

MYND/ANTON

## Fjarskiptalausnir fyrir öll fyrirtæki

Vodafone þjónustar nær helming allra fyrirtækja í landinu. Mikil áhersla er lögð á hraða og góða þjónustu en stöðugt er unnið að framförum í tækni og þjónustuleiðum. Helstu nýjungar Vodafone eru sjólausnir, RED og M2M.

**V**ið leggjum sérstaka áherslu á faglega og persónulega þjónustu við þau fjölmörgu fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem skipta við okkur,” segir Atli Viðar Björnsson, viðskiptastjóri hjá Vodafone. Hann segir mikla ánægju ríkja meðal viðskiptavina en Vodafone er með um helming allra fyrirtækja í landinu í viðskiptum og að auki mörg sveitarfélög og stofnanir. „Við þjónum sex af sjó stærstu sveitarfélögum landsins en sem dæmi um stóra vinnustaði sem eru í viðskiptum við okkur má nefna Landspítalann og Icelandair.“

### Fá eigið þjónustuteymi

„Til að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar fá fyrirtækin aðgang að teymi sem samanstendur af viðskiptastjóra og viðskiptafulltrúa sem þau hafa greiðan aðgang að. Þá vaktar

stjórnborð Vodafone fjarskipta-sambönd viðskiptavina allan sól-arhringinn, allan ársins hring,“ lýsir Atli Viðar og bætir við að mikið kapp sé lagt á að svara fyrirsprungum og leysa mál, ef upp koma, hratt og örugglega.

Atli segir Vodafone vera í góðu sambandi við viðskiptavini og aðlaga þjónustu sína að þeim. „Við bjóðum upp á heildar-fjarskiptalausnir sem taka mið af þörfum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.“

### Unnið að nýjungum

Öflug deild innan fyrirtækisins vinnur að nýjungum og þróun nýrra lausna. „Starfsmenn deildarinnar eru í miklu sambandi við viðskiptavini auch þess sem þeir eiga einnig mikið og gott samstarf við Vodafone á heimsvísu sem er mikill styrkur fyrir okkur og okkar viðskiptavini,“ lýsir Atli.

### Vodafone RED

Vodafone RED er ein af þeim nýjungum sem Atli er afar stoltur af. „Með tilkomu Vodafone RED vorum við fyrst á markaðnum til að stuðla að áhyggjulausri notkun. Þar getur þú hringt eða sent sms að vild án þess að þurfa að hafa áhyggjur af háum símsreikningi í lok mánaðar enda borgar fólk aðeins fast mánaðargjald,“ útskýrir Atli en nokkrar mismunandi leiðir eru í boði innan RED.

### M2M

Önnur nýjung hjá Vodafone er hið svokallaða M2M, eða „Machine to Machine“. „Vodafone hefur tekið forystu í innleiðingu á M2M. Tæknin snýst um að tvö tæki tala saman í gegnum netið og senda gögn sín á milli. Pessi tækni er til dæmis mikið notuð við að vakta og fylgjast með vörugeymslum og

kælum, meðal annars þar sem matvæli eða lyf eru geymd.“

### Lausnir fyrir sjávarútveginn

Undanfarið hefur Vodafone lagt mikla vinnu í sjólausnir og uppyggingu fjarskiptaþjónustu á miðunum í kringum landið. „Vodafone hefur byggt upp 4G tíðnisviðið á haf út svo smábátar og skip í kringum landið séu stöðugt í besta og hraðasta sambandi sem í boði er hverju sinni,“ segir Atli.

Fjölmörg sjávarútvegsfyrirtæki sækja þjónustu til Vodafone. Atli nefnir sem dæmi Samherja, Vinnslustöðina, Auðbjörgu og Skinney-Pinganes. Hann segir mikinn metnað innan fyrirtækisins að gera enn betur. „Við bjóðum góðar heildarlausnir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og aðlögum þjónustu okkar að þeirra þörfum,“ segir hann

**“Með tilkomu Vodafone RED vorum við fyrst á markaðnum til að stuðla að áhyggjulausri notkun.”**

### Aukin umsvif á fyrirtækjamarkaði

Vodafone hefur unnið ötullega að því að auka umsvif sín á fyrirtækjamarkaði almennt, bæði í höfuðborginni og einnig um land allt. „Við eignum í góðu viðskiptasambandi við fyrirtæki um allt land og erum meðal annars með umboðsaðila á 13 stöðum á landsbyggðinni.“

En hverju þakkar hann aukin umsvif Vodafone undanfarin ár? „Hagstæðum kjörum og góðri þjónustu – ánægðir viðskiptavinir eru síðan bestu meðmælin sem við fáum.“

# Enginn kostnaður við innheimtu

Inkasso er framsækið innheimtufyrirtæki í örum vexti. Það sér um allt innheimtuferli fyrir stærri sem minni fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög þeim að kostnaðarlausu. Mikil áhersla er lögð á að viðhalda góðu viðskiptasambandi milli kröfuhafa og skuldara. Kröfuhafar hafa ákveðið frjálsræði til að taka stjórn á innheimtunni. Peir geta veitt afslætti, gert greiðsluáætlunar og fellt niður hluta kostnaðar.

„Við höfum valið að gera hlutina aðeins öðruvísi en önnur innheimtufyrirtæki,“ segir Georg Andersen, framkvæmdastjóri Inkasso, sem er tiltölulega ungt fyrirtæki sem á stuttum tíma er orðið eitt af stærri innheimtufyrirtækjum landsins. „Innheimtufyrirtæki þurfa að fylgja vel skilgreindum lögum og reglum og eru skorður settar um þann kostnað sem leggst á skuldara. Mörg innheimtufyrirtæki hafa í staðinn rukkað kröfuhafa eftir eigin hentisemi. Við höfum hins vegar valið að gera það ekki og rekum fyrirtækið með þeim tekjum sem við höfum af innheimtunni sjálfrí,“ útskýrir Georg en öll þjónusta Inkasso er kröfuhöfum að kostnaðarlausu. „Ástæðan fyrir því að Inkasso getur farið þessa leið er sú að það á rætur sínar að rekja til hugbúnaðarfyrirtækis sem smíðaði innheimtukerfi sem er nútímalegt og hefur fleiri kosti en þau kerfi sem aðrir geta boðið á markaði. Pannig getum við verið með mikla sjálfvirkni, þurfum minni mannskap sem leiðir af sér minni kostnað og því getum við lifað á minni tekjum.“

## Fleiri útvista innheimtu

Georg segir færast mjög í aukana að fyrirtæki, stofnanir og félög láti aðra um að innheimta fyrir sig kröfur. „Fólk hefur orðið meiri skilning á því að petta

er sérhæfð starfsemi sem þarf kunnáttu, góða aðferðafræði og réttan hugbúnað til að sinna vel. Því er freistandi að láta aðra sjá um þennan hluta, sér í lagi þegar enginn kostnaður hlýst af,“ segir Georg en margir eru tvistígandi yfir því að missa stjórnina á innheimtuferlinu og skaða þannig viðskiptasamband sitt. Inkasso hefur komið til móts við þær áhyggjur og veitt viðskiptavinum sínum mun meira frjálsræði í innheimtuferlinu.

Verja viðskiptasambandið „Við leggjum ríka áherslu á að verja viðskiptasamband kröfuhafa og þeirra viðskiptavina umfram það sem þekkt hefur. Pannig er kerfið okkar opið fyrir okkar viðskiptavini og þeim er frjálst að fara þar inn, veita afslætti, gera greiðsluáætlunar, fella niður hluta af innheimtukostnaði og fella niður höfuðstól svo eitthvað sé nefnt,“ lýsir Georg.

## Sér um allt innheimtuferlið

Inkasso þjónustar allt innheimtuferlið, allt frá fruminnheimtu til löginnheimtu. Í fruminnheimtu sér Inkasso um reikningsgerðina, tekur við kröfum, prentar reikning með lögógi og hönnun, setur í umslag og sendir. Ef krafa er ekki greidd á eindaga hefst sérsniðið innheimtuferli sem almennt er nefnt milliinnheimtuferli.



Georg Andersen, framkvæmdastjóri Inkasso.

Greiðandi fær sendar áskoranir um greiðslu kröfunnar og málinu er fylgt eftir af tillitssömu en ákveðnu kerfi. Ef slíkar áskoranir bera ekki árangur er síðasta úrræðið löginnheimta en þær eru lagaleg úrræði nýtt til þess að fá kröfuna greidda.

## Lausnir fyrir öll fyrirtæki

Inkasso er með lausnir fyrir öll fyrirtæki, allt frá stærstu

fyrirtækjum landsins, sveitarfélög og stofnanir niður í einyrkja.

„Fyrirtækið vex hratt og rekstrarfyrirkomulagið leyfir okkur að halda kostnaði í lágmarki. Við höfum nýlega gengið í gegnum ýmsar breytingar samfara örumerum vexti. Fluttum í nýtt húsnaði við Hlíðasmára 4 í Kópavogi og fengum til okkar hæfara

starfsfólk með meiri menntun og þekkingu,“ segir Georg.

Gott eftirlit Inkasso er eftirlitsskýlt hjá Fjármálaeftirliti Íslands.

„Það veitir okkur bæði að-hald og metnað í að gera vel og hlýtur einnig að vera gæðastimpill á því sem við erum að gera,“ segir Georg. Nánari upplýsingar um Inkasso má finna á inkasso.is

# Viðburðaríkir tímar í London

Óhætt er að segja að Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri markaða hjá Íslandsbanka, hafi upplifað viðburðaríka tíma í London árin fyrir og eftir bankahrun. Vinnuharkan var mikil og vinnudagarnir yfirleitt mjög langir þar sem oft gleymdist að borða hádegismat.

Stór hópur íslenskra bankastarfsmanna starfaði erlendis fyrir bankahrun hjá bæði erlendum og íslenskum fjármálaþrætekjum. Störfin og verkefnin voru mjög fjölbreytt en stór hluti þeirra sneri að ýmiss konar ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja og stofnana. Flestir Íslendinganna störfuð í Evrópu og Bandaríkjunum, þ. ám. Tryggvi Björn Davíðsson, sem í dag er framkvæmdastjóri markaða hjá Íslandsbanka.

176. óm, 177. óm, 178. óm.

182. óm, 183. óm, 184. óm.

188. óm, 189. óm, 190. óm.

194. óm, 195. óm, 196. óm.

198. óm, 199. óm, 200. óm.

204. óm, 205. óm, 206. óm.

210. óm, 211. óm, 212. óm.

216. óm, 217. óm, 218. óm.

222. óm, 223. óm, 224. óm.

228. óm, 229. óm, 230. óm.

234. óm, 235. óm, 236. óm.

240. óm, 241. óm, 242. óm.

246. óm, 247. óm, 248. óm.

252. óm, 253. óm, 254. óm.

258. óm, 259. óm, 260. óm.

264. óm, 265. óm, 266. óm.

270. óm, 271. óm, 272. óm.

276. óm, 277. óm, 278. óm.

282. óm, 283. óm, 284. óm.

288. óm, 289. óm, 290. óm.

294. óm, 295. óm, 296. óm.

298. óm, 299. óm, 300. óm.

304. óm, 305. óm, 306. óm.

310. óm, 311. óm, 312. óm.

316. óm, 317. óm, 318. óm.

322. óm, 323. óm, 324. óm.

328. óm, 329. óm, 330. óm.

334. óm, 335. óm, 336. óm.

340. óm, 341. óm, 342. óm.

346. óm, 347. óm, 348. óm.

352. óm, 353. óm, 354. óm.

358. óm, 359. óm, 360. óm.

364. óm, 365. óm, 366. óm.

370. óm, 371. óm, 372. óm.

376. óm, 377. óm, 378. óm.

382. óm, 383. óm, 384. óm.

388. óm, 389. óm, 390. óm.

394. óm, 395. óm, 396. óm.

398. óm, 399. óm, 400. óm.

404. óm, 405. óm, 406. óm.

410. óm, 411. óm, 412. óm.

416. óm, 417. óm, 418. óm.

422. óm, 423. óm, 424. óm.

428. óm, 429. óm, 430. óm.

434. óm, 435. óm, 436. óm.

440. óm, 441. óm, 442. óm.

446. óm, 447. óm, 448. óm.

452. óm, 453. óm, 454. óm.

458. óm, 459. óm, 460. óm.

464. óm, 465. óm, 466. óm.

470. óm, 471. óm, 472. óm.

476. óm, 477. óm, 478. óm.

482. óm, 483. óm, 484. óm.

488. óm,

# FARTÖLVU VEISILA

ALLAR HEITUSTU FARTÖLVURNAR FYRIR SKÓLANN

## EPLI Í ÚRVALI

FERSKUSTU EPLIN FÁST HJÁ TÖLVUTEK Á ENN BETRA VERÐI



**MacBook**  
12" RETINA 256GB

Nýja 2015 útgáfum af MacBook Retina er einstaklega fáleg ásamt því að vera örþunn og fleslt, ófuskurð. Retina sigrar kenni þessan í settöku.

- Intel Core M Dual Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCle 3.0
- 2015 IPS Retina skjá 12" 300nits
- Intel HD 5300 skjákarmi og DisplayPort
- 900Mbps WiFi AC, BT 4.0 og USB 3.1
- Li-Polymer rafhláða allt að 10 timer
- Apple OS X Yosemite styrkerfi
- Apple iOS 7 styrkerfi og fjórdi forritla

**249.900**  
MED 512GB ADEINS 319.900

MÍÐ

MACBOOK

EINN BETRA VERÐI



**MacBookAir**  
13" 256GB SSD

• Intel Core i5-5250U 2.7GHz Turbo 4xHT

- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCle 3.0
- 13.3" HD LED Glossy 1440x900 skjá
- AC WiFi BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Li-Polymer rafhláða allt að 12 timer
- Apple OS X Yosemite styrkerfi

**229.990**  
ÖRÞUNN OG FLESLT!



**MacBookPro**  
13" RETINA 256GB

• Intel Core i5-5250U 2.7GHz Turbo 4xHT

- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCle 3.0
- 13.3" HD LED Glossy 1440x900 skjá
- AC WiFi BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Li-Polymer rafhláða allt að 12 timer
- Apple OS X Yosemite styrkerfi

**279.900**  
15" 17 512GB ADEINS 469.900

MÍÐ

MACBOOK

EINN BETRA VERÐI



SENDUM ★★  
**FRÍTT**  
ALLAR FARTÖLVUR  
ÚT ÁGÚST



**iPad Mini2**  
7.9" RETINA 16GB

• 7.9" Retina skjá með 2048x1536

- Dual Core 1.0GHz Apple A7 64bitri
- 16GB flash SSD diskur
- 300Mbps prahláð net, Bluetooth 4.0
- SMP 8bit og 720p FaceTime myndvélar
- Apple M7 briggja ásá hryfleyskynjar
- Örþunn aðeins 6.1mm og fleslt 437gr
- Apple iOS 7 styrkerfi og fjórdi forritla

**56.900**  
ALLTAFF BETRA VERÐI

MÍÐ

iPad Air2

NY KYNSLÓÐ SPJALDTÖLVA

• 7.9" Retina skjá með 2048x1536

- Triple Core 1.5GHz A8X Apple Orglivi
- 16GB flash SSD diskur
- AC MIMO prahláð net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhláða allt að 10 timer
- Örþunn aðeins 6.1mm og fleslt 437gr
- Apple iOS 8.1 styrkerfi og fjórdi forritla

**88.900**  
AIR2 64GB ADEINS 109.900

MÍÐ

iPad Air2

15" 17 512GB ADEINS 469.900



15.4" MÍÐ

IPAD MINI BÍLAFESTING

7.990



5 LÍTR

8.990

Apple

## ÚRVALID ER HJÁ OKKUR

ALLAR HEITUSTU FARTÖLVURNAR FYRIR SKÓLANN



**0%**  
VEXTIR  
ALLAR VÖRUR  
VAXTALAUST Í  
12 MÁNUÐI



Et þú finnar tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur  
Að laikum við okkar verð á staðnum



Hallarmúla 2 Reykjavík



NETBÆKLINGAR Á  
WWW.TOLVUTEK.IS  
MEÐ GAGNVIRKUM  
KÖRFUHNAPP



**Lenovo**

STYRKT FRAMLEIDANDI Á PC TÖLVUM Í HEIMI



**TÖLVULAUSNIR**

VIÐ ÓS ÞETTU SÝNGLÖÐ AP ACER PARTÖLVUM NIÐ FRAMLEIDI



**ÚRVALID ER HJÁ OKKUR**

VIÐ ÓS ÞETTU SÝNGLÖÐ AP TÖLVUTEK Í REYKJAVÍK MEÐ ÓS ÞETTU SÝNGLÖÐ AP TÖLVUTEK Í AKUREYRI

OPNUNARTÍMAR

**Virka daga**  
10:00 - 18:30  
**Laugardaga**  
11:00 - 16:00



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar, innstáttarvillur og myndabreiðingar.

## Sýning sem er innblásin af íslenskri náttúru og málúð inn í rými Hörpu

Í Hörpu gefur að líta risastór myndlistarverk eftir þýsku listamennina Ingeborg zu Schleswig-Holstein og Rudolf zur Lippe. Sýningarástjóriinn Pascual Jordan var hvatamaður að sýningunni eftir að íslenskir vinir í Berlín sögðu honum frá Hörpu og hvötti hann til að skoða húsið.

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Á meðal þeirra listsýninga og viðburða sem opna í tengslum við Menningarnótt í Reykjavík er athyglisverð sýning tveggja þýskra myndlistarmanna í Hörpu. Þetta eru þau Ingeborg zu Schleswig-Holstein og Rudolf zur Lippe en kalla þau sýninguna Gestures of the Elements en verkin á sýningunni er gríðarlega stór og unnin sérstaklega fyrir rými Hörpu og má sjá þau við Norðurljósasalinn, Eldborg og í Hörpuhorni.

Pascual Jordan er þýskur listamaður og sýningarástjóri og er jafnframt listrænn stjórnandi Werkstattgalerie í Berlín. Hann segir að sýningin hafi komið þannig til að hann eigi two afskaplega góða íslenska vini búsetta í Berlín sem hafi hvatt hann til þess að koma hingað og skoða Hörpu. „Þannig að ég kom hingað í nóvember á síðasta ári og þá varð þessi hugmynd til. Í framhaldinu fór ég aftur heim og valdi listamenn til verksins og við byrjuðum að vinna. Við komum svo hingað saman, listamennirnir og ég, til þess að undirbúa sýninguna. Við skoðuðum Hörpu og Ísland og í framhaldinu ákváðum við að vera ekki með hefðbundna sýningu á verkum þessara tveggja listamanna heldur vinna alveg sérstök verk sem tækju mið af byggingunni og sýningarrýminu sem við höfum til umráða. Þessi sérstæka nálgun hefur verið listamönnunum ákaflega mikilvæg og því fylgir því mikil tilhlökkun að vera nú komin með verkin hingað þar sem þau eiga fyrst og fremst heima. Við vinnslu verkanna þá byggðum við módel af fyrstu hæð Hörpu og prófuðum svo litlar teikningar inn í það rými til þess að átta okkur á hvort og hvernig þetta væri að gera sig. Þessi bygging er í okkar huga ákaflega táknað fyrir Ísland og því fól þetta í sér mikla áskorun.“

Ingeborg zu Schleswig-Holstein stund-

“Við vinnslu verkanna þá byggðum við módel af fyrstu hæð Hörpu og prófuðum svo litlar teikningar inn í það rými til þess að átta okkur á hvort og hvernig þetta væri að gera sig.

aði nám við listaháskólann í Hamborg. Að námi loknu hóf hún störf í vinnustofu Andy Warholss í New York Factory en flutti aftur til Hamborgar árið 1982 þar sem hún býr enn. Málverkin sem hún er með á sýningunni í Hörpu eru undir afar sterku áhrifum frá íslenskri náttúru. „Verk hennar tengja saman hraunið og steinsteypta veggi byggingarinnar og í raun eru verk beggja listamannanna í miklu samtali við íslenska náttúru, efni hennar, form og fugurð.“


Ferill Rudolf zur Lippe en nokkuð sérstakur en hann var með sína fyrstu listsýningu árið 1964 og vann síðan sem leikmyndahöfundur og ritstjóri. Að loknu námi í hagfræði og nútímasögu var hann skipaður prófessor í heimspeki við nokkra háskóla þar til hann fékk fasta stöðu. Frá árinu 2002 hefur hann aðallega einbeitt sér að listsþópun.

„Verkið sem Rudolf vann inn í þetta rými er í ákaflega sterku tengslum við bæði náttúruna og allt þetta mikla rými inni í byggingunni. Hann málaði inn í málín af Hörpu og innblásturinn að þessu verki er í raun fuglasvermur á flugi. Fuglarnir hafa sérstakan hátt á því að skipuleggja þessi stóru flugsvermi og það sem hann er að leitast við að nái inn í málverkið er ekki fuglarnir sjálfir heldur hreyfingin, orka fuglanna. Því fellur þetta ákaflega vel að þessu rými og það verður gaman að sjá hvernig Íslendingar eiga eftir að upplifa þessi þýsku verk – innblásin af íslenskri náttúru og þessu magnaða húsi.“



FUGLASVERMUR Rudolf zur Lippe við málverk sitt áður en það var hengt upp.

FRÉTTABLAÐID/GVA



LISTAVERK Rudolf zur Lippe tók að sér myndatökuna en sýningarástjóriinn sá um spjallið.

FRÉTTABLAÐID/GVA

## Ópera og franskars

TÓNLIST ★★★★★

**William Walton: The Bear.**

ÓPERUUPPFÆRSLA Á BARNUM Á PLAYERS Í KÓPAVOGI.

EINSÖNGVARAR: GUJA SANDHOLT, PÉTUR ODDBERGUR HEIMISSON OG HUGI JÓNSSON.

Einhver undarlegasti vettvangur fyrir óperusýningu hlýtur að vera barinn Players í Kópavoginum. Pangð lá leiðin á sunnudagskvöldið. Tilgangurinn var að sjá óperuna Björninn eftir William Walton frá árinu 1967. Hún er mjög stutt

fyrir óperu að vera, um klukkutíma löng og er í einum þætti.

Söguþráðurinn er einfaldur. Ekkja fær náunga í heimsókn sem krefur hana um að borga skuld hins látna eiginmanns. Samskipti þeirra verða fljótt stormasöm, en svo verða þau ástfangin.

Í óperunni eru aðeins þrí söngvarar og hljómsveitin samanstandur af litlum hópi hljóðfæra-leikara. Gert er ráð fyrir strengjum, hörpu, slagverki, píanói, þremur málmláslurum og fjórum fjórlásurum.

Seinkun var á að óperusýningin hæfist, en á meðan gæddu gestirn-

ir sér á hamborgurum og frönskum, eða sötruðu bjór. Nálægt barnum við lítið borð sat ung kona, mjög málúð. Hún virtist sofandi. En svo reis hún á fætur og settist við píanó rétt hjá. Þar með var ballið byrjað.

Segjast verður eins og er að þetta var ekki gott. Fyrir það fyrsta vantaði hljómsveitina! Það má fyrirgefa að píanóleikari reyni að spila allar raddir heillar hljómsveitar, en þá verður píanó-ið að vera stór flygill. Hljóðfærið á Players var hins vegar óttalegur garmur. Tóninn var grunnur og ámatlegur. Þótt píanóleikar-

inn Matthildur Anna Gísladóttir spilaði vasklega á það, dugði það engan veginn til.

Ekki er heldur hægt að hrópa húrra fyrir söngvurunum. Það hjálpaði ekki að hljómburðurinn á Players var slæmur fyrir lifandi tónlistarflutning. Par var afar lítil endurónum. Fyrir vikið var söngurinn steindauður.

Hljómburðurinn var þó engin afsökun. Söngurinn sjálfur var nemendalegur, það var helst Guja Sandholt sem skilaði sínu hlutverki sómasamlega. Frammistaða Péters Oddbergs Heimissonar var svo aumt yfirklór og bætti ekki úr skák. Hvílík vonbrigði. Jónas Sen

andi. Og Hugi Jónsson virtist hreinlega ekki ráða við hlutverk sitt, hvorki söng- né leiklega.

Í sjálfri sér er ópera Waltons vel heppnuð. Í henni er hvergi dauður punktur. Tónlistin er stórbrotin. En það sem boríð var á borð á Players var bara skrum-skæling. Fimmaurabrandaraleikstjórn Tryggva Gunnarssonar var svo aumt yfirklór og bætti ekki úr skák. Hvílík vonbrigði. Jónas Sen

NIÐURSTÁDA: Illa hljómandi píanó, slappur söngur og ósannfærandi leikstjórn. Útkoman var slæm.

# HÚRRA! TILBOÐ! BETRA VERD




TILBOÐ  
Plastmappa  
m. glærri forsiðu  
**49 kr.**  
áður 98 kr.



TILBOÐ  
Sirkill  
**199 kr.**  
áður 499 kr.



TILBOÐ  
Stílabók A4  
**299 kr.**  
áður 389 kr.



TILBOÐ  
Reikningsbók A4  
**299 kr.**  
áður 389 kr.

TILBOÐ  
Reikningsbók A5  
**189 kr.**  
áður 289 kr.



TILBOÐ  
HB blýantur 1 stk.  
**29 kr.**  
áður 69 kr.



TILBOÐ  
Skólastkæri  
**149 kr.**  
áður 249 kr.



TILBOÐ  
Tvöfaldur yddari  
**39 kr.**  
áður 69 kr.



TILBOÐ  
Strokleður  
**9 kr.**  
áður 29 kr.




VILDARKLÚBBUR  
EYmundsson

TILBOÐ  
Netapoki m. rennilás  
**frá 179 kr.**  
áður frá 199 kr.



## SKÓLAINNKAUPIN MEÐ EINUM SMELLI

[eymundsson.is/skoli](http://eymundsson.is/skoli)



## Auka-s-lög Soffíu

Teikningar og skissur eftir Soffíu Jóhannsdóttur ásamt leikmyndum Kjartans Ragnarssonar á Hringbraut 53.

Sýndar verða nokkrar teikningar og skissur eftir myndlistarkonuna Soffíu Jóhannsdóttur í kjallaranum á Gistiheimilinu Norðurstjörnunni, Hringbraut 53 í Reykjavík, á Menningarnótt.

Á sama stað verða leikmyndir Ragnars Kjartanssonar sýndar opinberlega í fyrsta sinn,



en Ragnar bjó á Hringbrautinni um tíma og málaði sviðsmyndirnar inn í rýmið, þær hafa fengið að standa þar óhreyfðar síðan og fáir hafa séð þær.

Gítartónar munu hljóma á staðnum og veitingar verða til sölu.

RAGNAR  
KJARTANSSON



KONURNAR TAKA YFIR Pær Pórildur, Helga, Kristjana og Lára Sóley eru ábúðarmiklar yfir hlutverki sínu.

MYND/DANIEL STARRASON

## MENNINGARNÆTURTÓNLEIKAR X977 Á BAR 11

## Syngja og spila tónlist frægra kvenna

Tónlist kvenna sem markað hafa söguna með lagasmíðum og tónlistarflutningi verður áberandi á tónleikum í Hlöðunni, Litla Garði á Akureyri, í kvöld.

„Við ætlum að flagga tónlist kvenna sem hafa orðið frægar fyrir lagasmíðar og flutning, þar má nefna Joni Mitchell, Carole King, Tracy Chapman, Christina McVie og Joan Baez, svo verðum við líka með okkar eigin efni,“ segir Lára Sóley Jóhannsdóttir. Hún er ein af norðlenskum konum í KÍTÓN (félagi kvenna í tónlist) sem halda tónleika í Hlöðunni, Litla Garði, í kvöld sem hefjast klukkan 20.30.

Lára Sóley bæði syngur og spilar á fiðlu, meðal annars í Sinfóniuhljómsveit Norðurlands og er útnefndur bæjarlistamaður

Akureyrar og kveðst svo heppin að fá að starfa við sitt áhugamál.

Aðrar úr féluginu sem koma fram eru Helga Kvam píanóleikari, Kristjana Arngrímsdóttir söngkona og Þórhildur Örvarsdóttir söngkona. „Við komum svöltið úr ólíkum áttum í tónlistinni en langaði að gera eithvað saman og minnast um leið 100 ára kosningaafmælis kvenna. Svo viljum við líka vekja athygli á KÍTÓN hér fyrir norðan og helst stækka hópin,“ segir Sóley. Hún tekur fram að sérstakir gestir verði með þeim í kvöld, þær Ásdís Arnardóttir sem leikur á selló og kontrabassa og

Ásta Soffía Þorgeirs Þórhildur sem spilar á harmóniku og stundar háskólanám í þeiri grein í Noregi.

Fyrir utan tónleika kvöldsins í Gömlu hlöðunni hafa þær norðlensku KÍTÓN-konur skipulagt tónleika á Græna hattinum í september og þá priðju og síðusti í röðinni í Akureyrarkirkju í október. „Þá verða gestir með okkur,“ segir Lára Sóley. „Nokkrar úr KÍTÓN í Reykjavík, kórar og fleiri.

Væntanlega kvennakórar? „Já, reyndar er einn karlstjórnandi,“ svarar Lára Sóley. „Ég veit ekki nema ég klæði hann í kjól!“

gun@frettabladid.is

## Að stökkva yfir helvítisgjána

BÆKUR ★★★★☆

### Framúrskarandi vinkona

ELENA FERRANTE


PÝÐING: BRYNJA CORTES ANDRÉSDÓTTIR

BJARTUR

Fáar bækur hafa vakið meira umtal í bókmennaheiminum undanfarin ár en bækur hinnar dularfullu Elenu Ferrante. Ritrýnir The Guardian gekk meira að segja svo langt að klykkja út með þeim orðum að allir ættu skilyrðislaust að lesa allar bækur hennar, eða eithvað í þá veruna. Fjórleikur hennar um uppvöxt og ævi tveggja vinkvenna frá Napólí hefur verið þýddur á fjölmörg tungumál og selst í bílförnum og nú er fyrsta bókin í honum komin út á íslensku í þýðingu Brynju Cortes Andrésdóttur. Loksins, loksins.

Framúrskarandi vinkona hefst með upphafi kynna fyrirnefndra vinkvenna, Elenu og Lilu, og fylgir þeim fram á unglingsárin. Þær búa í verkamanahverfi í Napólí þar sem lífsbaráttan er hörð í lok sjötta áratugar síðustu aldar og fram á þann sjóunda. Lífi fólkis í hverfinu er lýst á óvæginn hátt, þetta er karlaheimur þar sem ofbeldi er daglegt brauð og stelpur/konur annars flokks mannfólk. Eina leiðin út er í gegnum menntun eða „góða“ giftungu og þær vinkonurnar fara hvor sína leiðina í tilraun til að losa sig. Það er þó engin trygging fyrir velgengni eða hamingu, eins og þær komast að, en spor í áttina.

Það er auðvelt að skilja hrifningu lesenda og gagnrýnenda á skrifum Ferrante. Þótt efnið sé í sjálfu sér sígilt; uppvaxtarsaga tveggja stúlkna sem ekki sættu sig við þau örlog sem samfélagið



og siðirnir hafa ætlað þeim, er nálgun hennar óvenju beinskeytt og heiðarleg, hér er ekki verið að sykruhúða neitt. Lýsingarnar á vináttu stúlkanna eru líka óvenju heiðarlegar, það gengur á ýmsu og samkeppnin, öfundin, árekstrarnir og afþryðisemini eru jafn snar þáttur og ástin og samstaðan. Fólk er hvorki mikilsvert né sérlega gott í þessum aðstæðum, þar sem lífið snýst um að meiða aðra aður en þeim tekst að meiða þig, og það er nákvæmlega það sem gerir þessar persónur svo heillandi, við þekkjum þær úr okkur sjálfum þótt aðstæður og umhverfi sé ólíkt.

Talandi um umhverfi þá eiga þeir sem sjá Napólí fyrir sér sem fragan stað eftir að fá dálítið áfall við lestur Framúrskarandi vinkonu. Það er fátt fugurt í úthverfinu þar sem þær vinkonurnar alast upp og þær sjá

ekki einu sinni hinn rómaða Napólí-flóa fyrr en þær eru orðnar stálpaðar. Stéttaskiptingin er gríðarleg og Ferrante er meðal annars að fjalla um hana, bótt hún verði ekki miðlæg fyrir en í seinni bókunum, og það er ógnvejkandi að upplifa þá óyfirstíganlegu gjá sem skilur að snauða og ríka, ómenntaða og menntaða. Undir kraumar reiði og vanmáttur hinna snauðu og lýsingarnar á samstuði þessara aðskilda heima eru hjartaskerandi. Það er enginn leikur að stökkva yfir þessa helvítisgjá sem heldur vinkonunum í helgreipum hverfisins.

Pýðing Brynju Cortes Andrésdóttur er prýðileg og læsileg, flæðandi stíll Ferrante með þessari undirliggjandi hefti sem knýr hann áfram skilar sér vel, bótt auðvitað eigi íslenskan ekki til þann mun á díalekti og „viðurkenndri“ tungu sem er eitt af því sem aðskilur fólk í hverfinu frá betra fólkini.

Að hætti að sínna sjónvarpsseríu lýkur bókinni á örlagaprungu atriði og lesandinn nágardar á sér hnúana í örvaentingu yfir að geta ekki strax lesið framhaldið, en sem betur fer hefur Bjartur boðað útkomu bókar númer tvö snemma á næsta ári og vonandi verða þær allar fjórar komnar í íslenskan búning fyrir lok næsta árs. Þetta eru nefnilega hættulega ávanabindandi bækur og það er eiginlega ómannuðlegt að ætlast til að lesendur bíði mánuðum saman eftir að geta haldið áfram með sögu vinkvennanna. Drífa sig Bjartur!

Friðrika Benónýsdóttir

**NIDURSTÁDA:** Óvenjuleg og ávanabindandi saga af lífsbaráttu í Napólí á seinni hluta síðustu aldar, sögð af hreinskilni og mikilli leikni.

**BUBBI + DIMMA**

**AGENT FRESCO**

**EMMSJÉ GAUTI | ENSÍMI**

**JÚNÍUS MEYVANT | GÍSLI PÁLMI**

**MÁNI ORRASON | FUFANU**

**REYKJAVÍKURDÆTUR | BOOTLEGS**

**PINK STREET BOYS | RYTHMATIK**

**TRÚBODARNIR**

**X 97.7**

**Bar 11**

**Let's Rock**

# RAKLEITT Í FYRSTA SÆTI!

ADLER  
OLSEN

FRÁ DEILD Q:  
STÚLKAN Í TRÉNU

SJÖTTA  
BÓKIN

1.

Metsölisti  
Eymundsson

Aðallisti - vika 33

Jussi Adler-Olsen er óumdeildur konungur  
danskra glæpasagnahöfunda



„Jussi Adler-Olsen er  
í toppformi.“

JYLLANDS-POSTEN



„.... rosalega góð.“

EKSTRA BLADET



BT



[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Hljómsveitin Sísý Ey sendi frá sér nýtt lag á dögum

Sísý Ey gerði tveggja smáskífna samning við plötufyrirtæki Andys Butler úr Hercules and Love Affair og heldur til Berlínar í næsta mánuði.

„Petta lag er ekki eins mikið „heart-break-lag“ og fyrra lagið okkar, Ain't Got Nobody,“ segir segir Elín Ey, meðlimur hljómsveitarinnar Sísý Ey, en sveitin var að senda frá sér nýtt lag á dögum sem heitir Do It Good.

„Lagið sem við vorum að senda frá okkur núna er þó tiltölulega gamalt en næsta smáskífa verður glæný,“ segir Elín Ey en löginn eru hluti af tveggja smáskífna samningi við plötufyrirtækið Mr. INTL. sem er í eigu Andys Butler úr hljómsveitinni Hercules and Love Affair. Sveitin gerir ráð fyrir að seinna smáskífug-

ið komi út fyrir jól. Sísý Ey spilaði jafnframt með hljómsveitinni Hercules and Love Affair í London í fyrra.

Elín segir samstarf sitt við Butler mega rekja til þess þegar hann kom hingað til lands fyrir nokkrum árum og var með DJ-sett á Dolly. „Hljómsveitin fór svo með honum í hádegismat daginn eftir og síðan þá hefur ríkt mikil vináttá á milli okkar,“ bætir Elín Ey við.

Sísý Ey er á leið til Þýskalands í næsta mánuði, nánar tiltekið til Berlínar. „Við erum að fara til Berlínar í fyrsta sinn og erum mjög spennnt fyrir því. Það gæti

**„Lagið sem við vorum að senda frá okkur núna er þó tiltölulega gamalt en næsti singull verður glæný.“**

verið von á fleiri tónleikum erlendis á næstunni,“ segir Elín full tilhlökkunar.

Sísý Ey gerir ráð fyrir að fyrsta breiðskífa sveitarinnar líti dagsins ljós á næsta ári.



NÝTT LAG Hljómsveitin Sísý Ey sendir frá sér lagið Do It Good.

MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

## FIMMTUDAGUR

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

20. ÁGÚST 2015

#### Tónleikar

**19.00** Hljómsveitin Of Monsters and Men spilar í Elborgarsal Höru í kvöld.

**20.00** Hljómsveitin Tilbury kemur fram á Húrra í kvöld.

**20.00** Bandaríski tónlistarmaðurinn E.W. Harris heldur tónleika á Tjarnarbnum í kvöld. Harris er að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, ReEntry, með tónleikinu í Evrópu. Frítt er inn. Harris er fæddur í Ohio og var alinn upp Athens í Georgufylki. Tónlistarmenn á borð við David Bowie, Buddy Holly, Elvis og Björk höfðu sterk áhrif á hann. I Am Entertainment Magazine kallaði E.W. Harris „kúl og skrytinn á sinn einstaka hátt. í Brooklyn, New York, nýja heimili sínu, er hann best þekktur fyrir sína sterku rödd, dökkt þemu, einkennilega framkomu og eftirminnilegan hlátur.

**20.00** Kirkjulistahátið 2015 er í fullum gangi og aðstandendur og þáttakendur í skýjunum eftir tónleika helgarinnar og fimm stjórnar dóum í Fréttablaðinu í morgun um fyrninginn á óratórunni Salómon. Komin er til landsins heimfræg organisti, Olivier Latry, en hann er organisti við sjálfa Notre Dame-kirkjuna í París. Mun hann leika einleikstónleika í kvöld klukkan 20.00 en á eftir, klukkan 22.00 slæst kona hans, kóreski verðlauna-organistinn Shin-Young Lee, í lið með honum og ætla bau að leika fjórhenta og fjórfætta útgáfu af Vorblóti Stravinskij's á hið magnaða Klais-orgel Hallgrímskirkju.

**20.30** Tónleikar verða haldnar í sýningarskála Íslenska bæjarins að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi í kvöld. Aðgangseyrir er 1.500 krónur. Yfirschrift tónleikanna er Baðstofan og kirkjulöftið en á tónleikunum munu þeir Eyjólfur Eyjólfsson, Hugi Jónsson og Kári Allansson flytja tónlist sem hljómaði í baðstofum torfhúsanna og sveitakirkjum landsins. Undir söng verður leikið á langspil og harmonium, en hljóðfærin léku stórt hlutverk í tónlistarlífi Íslendinga á 19. öld.

**21.00** Jói Valgeirs og Marína Ósk Pór-ólfssdóttir ásamt stórbassaleikaranum Stefáni Gunnarsyni verður með tónleika á Akureyri Backpackers í kvöld. A efniðskránni eru frumsamini lög og valdar perlur úr tónlistarsögunni í bland. Frítt inn og allir velkomnir. Mikið væri gaman að sjá ykkur sem flest. Jói, Marína og Stebbi.

**21.00** Jónas Sen kemur fram í Mengi. Miðaverð 2.000 kr.

**22.00** Í dag munu hljómsveitirnar Bárújarn, Godchilla og Russian.Girls rífa fram blautbúninga sína og brimbretti og halda tónleika í ævarandi brotsjó Palomakjallans í Naustunum þar sem sveitirnar munu reyna á brimfimi sína. Miklum oldugangi og litlu skyggni spáð, auk þess sem vaxandi norðaustanátt verður fram eftir kvöldi, hvassast á djúpmiðum. Tónleikarnir hefast upp úr túu og aðgangseyrir er þúsund krónur, eða sem nemur þorskigildi marbendlis. Peir sem mæta í blautbúningum fá frítt inn.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og Magnús R. Einarsson halda tónleika á Ob-L-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. í kvöld. Aðgangur er ókeypis!

#### Sýningar

**09.00** Sýningin ANDLIT eftir Jón Ágúst Pálmasón á Mokka frá 20. ágúst til 30. september. Penninn fer af stað og byrj-

#### OF MONSTERS AND MEN



ar að því er virðist á tilvilmjunarkenndu kroti. Honum er sjaldan eða aldrei lyft frá blaðinu, hann tekur stjórnina og er leyft að ráða för. Sýningin fer fram á Mokkakaffi.

**10.00** Póra Elfa Björnsson opnar sýningu ljóða á veggspjöldum í Bókasafni Kópavogs 1. hæð. Sýningin verður opin á sama tíma og safnið til 30. september.

**17.00** Sirkus Íslands ferðast um landið í sumar og verður á Klambratúni í Reykjavík.

**19.00** Pað er næstum því orðin hefð að danski sirkusinn Sirkus Baldoni, komi til Íslands. Í ár mun hann heimsækja 7 bæjarfélög dagana 20. til 26. ágúst. Í dag verður hann í Íþróttahúsini Fellabæ á Egilsstöðum.

#### Málping

**17.00** Er kynjakvóti málid? Málfundur um kynjakvóta á úthlutanir Kvíkmyndasjóðs fer fram í Tjarnarbíó í kvöld til klukkan 19.00. Á að setja kynjakvóta á úthlutanir Kvíkmyndasjóðs? Pessi spurning hefur verið í deiglunni að undanföru í þjóðfélagsumræðunni. Alþjóleg!

kvíkmyndahátið í Reykjavík, RIFF, stendur fyrir opnum málfundum þar sem talsmenn ólkra skoðana koma saman og ræða þetta hitamál. Fundurinn verður byggður upp á stuttum erindum frá sex aðilum sem verður fylgt eftir með pallborði þar sem þau sitja fyrir svörum.

#### Uppistand

**21.00** Hugleikur Dagsson mætir aftur á Rosenberg á Klapparstíg með uppistandsupskeru ársins. Hér reynir hann að vinna gegn eigin vanþroska

með því að ræða mikilvæg mállefni eins og rasisma, Tinder og að sjálfsögðu glútenópol. Alls verða fimm sýningar.

**21.30** Tilraunauppistand í Comedy Klúbbnum á Bar 11. Tilraunauppistöndin eru uppistönd þar sem nýir grínistar fá tækifæri til að spreytast sig og bjálfast aust þess sem reyndari grínistar koma fram, prófa nýtt efni og halda sér í formi. Tilraunauppistönd eru einnig opin fyrir töframenn, spulanleikar, fyrndi tónlistaratriði og allar tegundir svíðsgríns. Hafið samband ef þið viljið taka þátt. Pað er alltaf ókeypis á Tilraunauppistönd. Uppistandið fer fram á Bar 11.

#### Leiðsögn

**12.15** Í dag á milli klukkan 12.15 og 12.45 verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna NOT norðlensk vörumálinum í Listasafninni á Akureyri, Ketilhusi. Hlynur Hallsson safnstjóri tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna og ein-

stök verk. Aðgangur er ókeypis. Þáttakendur sýningarinnar eru María Rut Dýrfjörð, Helga Björg Jónasdóttir Sveinbjörg Hallgrímsdóttir, Sandra Kristín Jóhannesdóttir og Herdís Björk Pórðardóttir. Í hönnunarferlinu var unnið út frá orðinu húsgagn með vísun til nytjhæluta sem gagnast á heimilum. Að auki setti hópurinn sér það markmið að nýta þekkingu og tækjakost norðlenskra fyrirtækja til framleiðslu á vörumum. Afraksturnir er alíslenskar vörur, hannaðar og frameiddar að mestu leyti á heimaslöðum. Sýningin stendur til 30. ágúst og er opin þriðjudaga til sunnudaga klukkan 10 til 17. Leiðsögn um sýningarnar í Listasafnini Ketilhusinu er alla fimmtdaga.

#### Útvist

**20.00** Sígrænum plöntum og klifur-jurtum verður gefinn sérstakur gaumur á göngu um Grasagarðinn næstkomandi í kvöld klukkan

**20.00** Klifurjurtir og sígrænar plöntur hafa notið aukinna vinsælda hérleindis. Notkun sígrænna plantna í garðinum gefur umhverfinu lit og hlýju alt árið því plönturnar eru þeirrar náttúru að þær halda grænum laufblöðum sínum yfir vetrinn. Úrvál þeirra hefur aukist undanfarin ár og í Grasagarðinum gefur að líta hluta þeirra tegunda sem hafa verið reynðar hér á landi, svo sem ýviður, sýrus, lifviður, einir og lyngróður. Um leiðsögn sér Jóna Valdís Sveinsdóttir, yfirgárðyrkjufraðingur Grasagarðsins. Þáttaka er ókeypis og allir velkomnir. Mæting við aðalinngang Grasagarðs.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettablaðid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



ANDREA GYLfadóttir



HUGLEIKUR DAGSSON

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍMARIT

Komið í allar helstu verslanir



SVANA  
LOVÍSA  
UM HÖNNUN




VICTORIA  
ELÍASDÓTTIR

UM KOKKASTARFIÐ OG VINS/ELA  
VEITINGASTADINN DOTTIR



STARFAR FYRIR  
H&M GIGJA ÍSIS



TYRFINGUR  
TYRFINGSSON  
UM FÚSKARA



STINGDU AF  
MEÐ GÓMSÆTT OG  
GIRNILEGT NESTI

TÍSKUPÁTTUR EFTIR  
HÖRD INGA  
OG ELLEN  
LOFTS



## AFMÆLISBARN DAGSINS



## 41 árs Amy Adams

**Pekkt fyrir:** American Hustle, Enchanted, Man of Steel, The Fighter.

## BÍÓFRÉTTIR

**Hudson vill leika Franklin**

Óskarsverðlaunahafinn Jennifer Hudson er í viðræðum um að leika Aretha Franklin í mynd um ævi hennar. Jennifer sló í gegn í söngvamyndinni Dreamgirls en hún er með einstaka og kraftmikla rödd líkt og Franklin. Myndin verður framleidd af Scott Bernstein sem framleiddi einnig Straight Outta Compton.



## FRUMSÝNINGAR

**Insidious: Chapter 3****Hrollvekja**

Aðalhlutverk: Dermot Mulroney, Lin Shaye, Ele Keats, Angus Sampson og Tom Fitzpatrick  
Frumsýnd: 21. ágúst

**The Man from U.N.C.L.E.****Spennumynd, gamanmynd**

Aðalhlutverk: Alicia Vikander, Henry Cavill, Elizabeth Debicki og Armie Hammer  
Frumsýnd: 28. ágúst

**Straight Outta Compton****Drama, tónlistarmynd**

Aðalhlutverk: Paul Giamatti, Alexandra Shipp, Rebecca Olejniczak og Keith Stanfield  
Frumsýnd: 26. ágúst

# Umdeild en fór rakleitt á toppinn

Handritshöfundar Straight Outta Compton sagðir hlífa meðlimum sveitarinnar. Myndin setti aðsóknarmet í Bandaríkjunum í sínum flokki.

Kvikmyndin Straight Outta Compton fór beint í efsta sæti yfir myndir sem höluðu inn mesta fjármuni í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Þá var myndin um rapsveitina pekktu, N.W.A., frumsýnd. Myndin sló met yfir bestu frumsýningarkerli mynda sem bannaðar eru börnum og koma út í ágúst, en American Pie 2 átti metið á undan. Straight Outta Compton náði inn 56 milljónum Bandaríkjadalra síðustu helgi og hefur myndin nú þegar haldað inn mun meira en fyrirtækið Universal lagði í hana, en samkvæmt bandarískum fjölmöldum lagði fyrirtækið út 29 milljónir Bandaríkjadalra.

**Ekki sagt frá öllu**

Kvikmyndin segir frá uppgangi N.W.A. sem naut mikilla vinsælda seitn á níunda áratug og snemma á tíunda áratug síðustu aldar. En söguþráðurinn hefur verið gagnrýndur fyrir það að ná ekki yfir atvik sem koma meðlimum sveitarinnar illa. Á þriðjudag birtist grein á vefsíðunni Gawker sem fyrrverandi sjónvarpskonan Dee Barnes skrifandaði. Þar segir hún frá því þegar Dr. Dre réðst á hana og barði hana illa fyrir að birta myndband af sveitarmeðlimum að tala illa um sinn fyrrverandi félaga, Ice Cube. Dr. Dre var dæmdur fyrir líkamsárás. Hann hálfpartinn viðurkenndi sök sína í viðtali skómmu eftir atvikið. Hann sagði þá að hann kæmi illa fram við alla sem kæmu illa fram við hann.

**Mikið af mistökum**

Barnes segir í grein sinni að hún hafi verið mjög hissa á að sjá ekkert minnst á þetta í myndinni. „Þegar ég sat þarna í bíóinu og sá að sögupráðurinn hoppaði yfir þetta atvik spurði ég



**VINSÆLIR** Meðlimir N.W.A. hafa selt gríðarlega mikið af plötum í gegnum tíðina.

sjálfa mig: „Bíddu, hvað er að gerast?“ Eins og svo margar aðrar konur sem pekktu og unnu með N.W.A. upplifði ég mig sem fórnarlamb söguskoðunar í Straight Outta Compton.“ Dr. Dre sagði í viðtali við tímaritið Rolling Stone, sem kom út í

síðustu viku, að hann hefði gert fjölda mistaka á ferli sínum. Hann skrifar mistókin á að hafa verið ungr og vitlaus. „Ég er búinn að gjalda fyrir öll þessi mistök og það er ekki séns í helvítí að ég endurtaki þau,“ lýsir rapparinn yfir.

kjartanatl@frettabladid.is

**„Ég er búinn að gjalda fyrir öll þessi mistök og það er ekki séns í helvítí að ég endurtaki þau.“**

Dr. Dre

Ertu komin með appið í símann?

[www.fasteignir.is](http://www.fasteignir.is)

visir



**AIR**  
Smáralind



**GRÆJAÐU ÞIG FYRIR MARAÞONIÐ**

**20% AFSLÁTTUR  
Í AIR  
AF ÖLLUM VÖRUM  
DAGANA 20.-23. ÁGÚST  
#SOFAST**

# LÍFID

## Frábær fimmtudagsréttur sem flestir falla fyrir

### Fyrir þrjá til fjóra

1 msk. ólifuolía  
1 rauðlaukur, smátt skorinn  
½ rauð chili, smátt skorið  
3 hvítlauksrif, pressuð  
2-3 meðalstórar gulrætur, smátt skornar  
600 g nautahakk  
1 rauð paprika, smátt skorin  
1 græn paprika, smátt skorin  
1 lílit dós gular baunir eða aðrar baunir sem ykkur finnst góðar

1 dós hakkaðir tómatar  
1 poki Taco spice mix  
3-4 dl vatn  
½ tsk. cumin (ísl. broddkúmen)  
nokkrir sveppir, smátt skornir (má sleppa, smekksatriði)  
1 msk. ferskur kóríander, smátt saxaður  
salt og pipar, magn eftir smekk  
saltáðar nachos-flögur  
rifinn ostur  
ferskur kóríander

Við byrjum á því að hita olíu við vægan hita á víðri pönnu. Steikjum laukinn, chili, hvítlaukinn og gulrætur í smá stund. Bætum nautahakkini því næst saman við (þið getið auðvitað notað hváða hakk sem ykkur finnst best). Kryddið til með salti og pipar.

Ég notaði Taco spice mix að þessu sinni. Bætið kryddinu

saman við og vatni, blandið öllu vel saman. Svo bætum við restinni af hráefnum saman við, hrárum vel í og kryddum til með salti og pipar. Gott er að leyfa þessu að malla við vægan hita í 15-20 mínútur.

Hitið ofninn í 180°C. Hellid blöndunni í eldfast móti. Stingið mörgum nachos-flögum meðfram forminu. Sáldrið ferskum

osti yfir réttinn og í lokin er gott að saxa niður ferskan kóríander og setja smá ofan á. Bakið í ofni í 10-12 mínútur eða þar til osturinn er gullinbrunn.

Gott er að hafa með herleghetitum ferskt gvakamóle og heimagert salsa.

Uppskriftin var tekin af evalaufeyjaran.com



**HRESS** Leikarinn Terry Crews hoppaði hæð sína á Teen Choice Awards sem fram fóru í Los Angeles á sunnudaginn, en margir kannast sjálfsagt við hann úr myndinni White Chicks.

NORDICPHOTOS/GETTY



**UMKRINGD**  
Leikkonan Kristen Stewart, sem flestir pekkja úr Twilight-myndunum mætti á frumsýningu nýjustu kví-myndar sinnar American Ultra, í Los Angeles, á þriðjudaginn.

## Fræga fólkið á ferð og flugi



**HLÆJANDI** Söngkonan Iggy Azalea var greinilega í góðu skapi á hundrað ára afmælishátið Bonds í Sydney á dögum.



**MED PLÁSTUR** Leikarinn Mickey Rourke var með plástur á nefinu í Los Angeles á dögumum þegar hann fór út að borda með góðvini sinum Giuseppe Franco.



**Í GRÍNGÍR** Pað var stutt í grín og glens hjá Cheryl Fernandez-Versini þegar hún kynnti nýtt ilmvatn í London á dögumum.




**STÓRLAX** Leikarinn Jack Nicholson mætti í góðu stuði á góðgerðarviðburðinn Apollo in the Hamptons í New York.



**Í GÓÐUM GÍR** Leikkonan Laverne Cox kíkti í heimsókn í spjallþáttinn Good Morning America og gaf sér tíma til að stilla sér upp fyrir ljósmyndara á leið af settinu.

**BODAR FRID** Tónlistarmaðurinn og leikarinn Lenny Kravitz var á röltinu í West Village í New York en gaf sér tíma til þess að skella í eina pósu.



**Tilboðin gilda 20. ágúst – 23. ágúst 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fjalla um kynjamisrétti og vilja afléttu skömm

Spunaleikhópurinn Femprov flytur dansverk um kynjamisrétti í daglegu lífi. Áhorfendum boðið upp á svið.

„Við eignum allar ótrúlega vel saman, erum góðar vinkonur og virkum vel saman í hóp,“ segir Hildur Ýr Jónsdóttir, einn af meðlimum spunaleikhópsins Femprov, en hópinn skipa þær Berta Andrea Snædal, Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir, María Rós Kristjánsdóttir og Silja Rós Ragnarssdóttir. Þær störfuðu saman í Stúdentaleikhúsini og þaðan spratt hugmyndin að leikhópnum.

Verkið er frumraun leikhópsins og fjallar um kynjamisrétti í

daglegu lífi og segir Hildur það tengjast beint inn í þá umræðu sem hefur verið áberandi á samfélagsmiðlum um #6dagsleikann, #þöggun, #konurtala og Free the nipple.

„Við erum allar konur og það er alltaf mikilvægt að koma svona málefnum á framfæri hvort sem það er í gegnum list eða eitthvað annað,“ segir hún og bætir við: „Pegar umræður spretta upp og eru í gangi vaknar eitthvað hjá manni sjálfum og maður áttar sig

á einhverju sem maður leit alltaf fram hjá.“

Hildur segir í raun ekkert fast form vera á sýningunni og áhorfendum sé velkomið að stíga á svið og segja frá sinni reynslu.

„Þetta verður einhvers konar gjörningur og það verður ákvæðið flæði þar sem við erum með játingar, opnum okkur og við ætlum að dansa. Þetta verður svona pop-in gjörningur þar sem þú getur komið og farið hvenær sem er,“ segir Hildur, en þær gera ráð fyrir

að sýningin standi yfir í rúmlega klukkustund og verður verkið sýnt á Gauknum klukkan 16.30 á Menningsarnótt.

Þó að umfjöllunarefnið sé að mörgu leyti alvarlegt segir Hildur þær samt sem áður stefna á að hafa verkið skemmtilegt og það að taka þátt í umræðunni sé mikilvægur liður í að afléttu skömm og þöggun. „Þetta er þungt efni en við ætlum líka að reyna að hafa betta skemmtilegt. Það á ekki að ríkja nein skömm yfir þessu.“ - gló



LITRÍKAR Hópurinn mun skarta fótum og fylgihlutum hönnuðum af Rakel Blom.  
MYND/BJORNSNORRI



SKJÁSKOT Hér sjáum við Badda í sjónvarpinu á myndinni. Myndbandið er eitt mest umbeðna myndbandið á sjónvarsstöðinni Oranje TV í Hollandi.

MYND/SKJÁSKOT

# Hefur skotist upp á stjörnuhimininn í Hollandi á undanförnum vikum

Tónlistarmaðurinn Bjarni Lárus Hall, sem er einnig þekktur sem Baddi í Jeff Who?, syngur dúett með hollenska tónlistarmanninum Sam Knoop en lagið er mjög vinsælt þar í landi. Myndbandið við lagið er einnig eitt það mest umbeðna á sjónvarsstöðinni Oranje TV.

Tónlistarmaðurinn Bjarni Lárus Hall, betur þekktur sem Baddi í Jeff Who?, hefur skotist upp á stjörnuhimininn í Hollandi undanfarna daga því hann syngur í vinsælu lagi þar í landi um þessar mundir. Með Badda syngur hollenski tónlistarmaðurinn Sam Knoop en lagið ber nafnið Niets Lijkt Te Gebeuren.

„Ég kynntist manni sem heitir Andy, sem er umboðsmáður Sams, og hann bað mig um að syngja lagið fyrir sig og ég söng það og sendi honum það út,“ segir Baddi um upphafið. Lagið er upphaflega eftir skosku rokkhljómsveitina Del Amitri.

Kynni hans og Hollendinganna má rekja til þess begar Baddi leysti trúbáður í miðbæ Reykjavíkur af um stundarsakir og tökk eitt lag, sem heillaði Hollendingana upp úr skónum.

„Bróðir umboðsmannsins kom til míni og spurði mig: Ertu söngvarinn í Jeff Who? og sagðist vera mikill aðdáandi og vildi kynna mig fyrir bróður sínum, Andy. Þegar ég kynntist Andy þá spurði hann hvort ég gæti samið

lög fyrir skjólstæðing sinn sem er Sam Koop,“ útskýrir Baddi.

Hollendingarnir vildu einnig fá myndband af Badda syngja og spila lagið sem Sam notaði svo á tónleikum.

„Við tókum dúett, því hann varpaði myndbandinu af mér spila og syngja lagið á skjá þannig að við spiliðum saman á tónleikunum,“ segir Baddi léttur í lundu. Upp úr þessum dúett þeirra félaga spratt hugmynd Hollendinganna um að gera tónlistarmyndband þar sem Sam Koop og Baddi syngja lagið saman. Myndbandið varð strax ákaflega vinsælt.

„Myndbandið var komið með um 65 þúsund „views“ á fimm dögum og er víst núna í mikilli spilun í hollensku útvæpi. Lagið er líklega að fara í svokallaða A-spilun í hollenska ríkisútvæpinu,“ segir Baddi, en hann er einmitt á leið í viðtal við hollenska ríkisútvæpið í dag.

Fyrir utan útvæpsspilunina er myndbandið við lagið mest umbeðna myndbandið á sjónvarsstöð sem heitir Oranje TV

**Myndbandið var komið með um 65 þúsund „views“ á fimm dögum og er víst núna í mikilli spilun í hollensku útvæpi. Lagið er líklega að fara í svokallaða A-spilun í hollenska ríkisútvæpinu.**

í Hollandi. „Þetta er einhvers konar MTV-stöð Hollands.“ Lagið er einnig komið út á Spotify.

Spurður út í hvort Jeff Who? sé einnig á leið til Hollands segir Baddi að svo sé ekki.

„Ekki nema Jeff Who? fari í massíva spilun í Hollandi, þá veit maður aldrei,“ segir hann og hlær.

Baddi segist stefna á frekara samstarfi við hollenska tónlistarmanninn Sam Knoop en þeir syngja eitt vinsælasta lag Hollands um þessar mundir.

„Ég veit ekki alveg hvernig betta verður en það væri fínt að semja fleiri lög fyrir hollenska tónlistarmanninn.



HEITUR Í HOLLANDI Tónlistarmaðurinn Bjarni Lárus Hall hefur áhuga á frekara samstarfi við hollenska tónlistarmanninn Sam Knoop en þeir syngja eitt vinsælasta lag Hollands um þessar mundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ef hann er að verða svona stór,“ bætir hann við.

Baddi hefur nú þegar látið Hollendinginn hafa lag sem hann og

pianóleikarinn Valdimar Kristjánsson sömu og er væntanlegt til útgáfu í Hollandi.

gunnarleo@frettabladid.is

**KS TOOLS®**  
**KICK-OFF**

# Tilboð

Meðan  
birgðir  
endast

Loftlykill 1.690 Nm



**28.984.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5151210



4í1 Lykill



**3.287.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5034565



Lyklasett 6-32

21 stk.



**15.562.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5170043

Topplyklasett

48 stk.



**5.427.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170648



Topplyklasett



**17.313.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170779



Bitasett

32 stk.



**5.641.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9183010



Minnkanir og stækkanir

7 stk.



**3.871.-**

Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170707



**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [stilling.is](http://stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

**LAUGARÁS BÍÓ**  
midi.is  
Coca-Cola

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar  
ABSOLUTELY ANYTHING 6, 8, 10  
THE GIFT 5:40, 8, 10:20  
TRAINWRECK 8  
MINIONS - ENS TAL 2D 6  
MISSION IMPOSSIBLE 10:35

**SAMBÍÓIN**

Það munu allir eftir ógleymalugu grinnmyndunum um Griswold fjölskylduna. Nú er komið að sýnunum að fara með sina fjölskyldu í frí!

"VACATION ER FYNDNASTA MYND ÁRSINS"  
JAMES OSTER - JOBLO

"BRJÁLÆDISLEGA FYNDIÐ FRAMHALÐI"  
MATT SULLIVAN - IN TOUCH

"ÉG HEF EKJUHLEGIÐ SVONA OFT UPFHÁTT Í LANGAN TÍMA"  
DAVE KARGER - FANDANGO

**VACATION** 12

**SAMBÍÓIN** ÁLFABAÐKA  
VACATION kl. 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20  
VACATION VIP kl. 5:50 - 8  
MISSION: IMPOSSIBLE kl. 5:15 - 8 - 10:45  
MISSION: IMPOSSIBLE VIP kl. 10:20  
ANT-MAN 2D kl. 8 - 10:45  
THE GALLOWS kl. 10:45  
SKÓSVEINARNIR IS-TAL 2D kl. 5:50  
INSIDE OUT IS-TAL 2D kl. 5:50  
JURASSIC WORLD 2D kl. 8  
**SAMBÍÓIN** KEFLAVÍK  
HITMAN: AGENT 47 kl. 8  
THE GIFT kl. 10:10  
VACATION kl. 8  
MISSION: IMPOSSIBLE kl. 10:10

**NÁÐU Í SAMBIÓ APPID**  
BÁÐ MARGEDORGAR SIG

**HITMAN AGENT 47** 16

**SAMBÍÓIN** EGILSHÖLL  
HITMAN: AGENT 47 kl. 5:50 - 8 - 10:10  
VACATION kl. 5:40 - 8 - 10:45  
MISSION: IMPOSSIBLE kl. 5:20 - 8 - 10:20  
FANTASTIC 4 kl. 10:30  
ANT-MAN 2D kl. 5:30 - 8  
**SAMBÍÓIN** KRINGLUNNI NÚMERUD SÆTI  
VACATION kl. 5:50 - 8 - 10:20  
MISSION: IMPOSSIBLE kl. 6 - 9 - 10:30  
MAGIC MIKE XXL kl. 8  
INSIDE OUT ESK-TAL 2D kl. 5:50  
**SAMBÍÓIN** AKUREYRI  
THE GIFT kl. 10:45  
VACATION kl. 5:50 - 8 - 10:10  
MISSION: IMPOSSIBLE kl. 8  
INSIDE OUT IS-TAL 2D kl. 5:50

**SAMBÍÓIN**

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**HITMAN AGENT 47** 16

**ABSOLUTELY ANYTHING** 12

**HRÚTAR** 6

Daily with english subtitle at 17:30 at Haskolabíó University Cinema

Sýningartímar á eMiði.is og midi.is

# Alltaf bekktur sem Benjamín dúfa

Kvikmyndin Benjamín dúfa var sýnd í sjónvarpinu um helgina og á meðan loguðu netheimar enda ein minnisstæðasta mynd sem framleidd hefur verið hér á landi. Sturla Sighvatsson lék Benjamín en hann segir að síminn hafi ekki stoppað á meðan myndin var sýnd um helgina.

Gunnhildur Jónsdóttir  
gunnhildur@frettabladid.is

Ríkissjónvarpið sýndi kvikmyndina Benjamín dúfa um helgina en hún hefur setið fast í Íslendingum frá því að hún kom út árið 1995. Viðbrögðin við sýningu myndarinnar á sunnudaginn voru mikil og loguðu netheimar. Mörgum þótti of mikið að sýna svo punga og sorglega mynd á sunnudagskvöldi þegar margir eru litlir í sér. Enn fleiri sögðu frá því að hún vakti upp tilfinningar og minningar sem þeir höfðu ekki áður kannast við. Sturla Sighvatsson lék Benjamín dúfu en síminn hans stoppaði ekki á sunnudagskvöldið á meðan myndin var í sýningu. Unnið er að því að endurvinnna myndina og gefa hana út í HD í lok árs.

„Ég kveikti á henni í svona tíu mínútur á sunnudaginn, aðallega vegna þess að það voru allir að senda mér SMS og skilaboð á Facebook. Það er alltaf jafn gaman að horfa á hana en ég upplifi hana allt öðruvísi en allir aðrir. Ég upplifi hana ekki sem sögu heldur sem minningar af fólkini sem ég var að vinna með og tímanum sem ég eyddi á töku-stað,“ segir Sturla en hann var 12 ára þegar myndin var tekin upp.

Það er algengt að fólk tengi hann við þetta eftirminnilega hlutverk en hann hefur ekki mikið unnið að leiklist seinustu 20 árin. „Ég hef haldið mig „off-screen“ lengi og verið mikið að talsetja myndir. Ætli ég hafi ekki talað inn á 50 myndir í fullri lengd. Ég tek ennþá að mér stök verkefni í talsetningu. Benjamín dúfa kemur samt ennþá upp í umræðuna og hefur haft áhrif á fyrstu kynni míni við fólk.“


